

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.ru.is


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



VIÐSKIPTAFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
VERKFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
FRUMGREINASVIÐ

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

2005-2006



ÁVARP REKTORS

Háskólinn í Reykjavík er fyrir þig

Sameining Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands er stórvæðingur í íslenski menntasögu. Nýr sameinaður háskóli, Háskólinn í Reykjavík (HR), hefur kraft og metnað til að bera sig saman við bestu háskóla heims, hvort sem lítið er til kennslu eða rannsókna. Bakhjarlar skólans eru Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands. HR er háskóli atvinnulífsins, hlutverk hans er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og styrkja íslenskt samfélag með nýsköpun, tækniþróun, samstarf og alþjóðasamskipti að leiðarljósi. Skólaárið 2005-2006 hefst starfsemi nýja háskólans af miklum krafti í fjórum deildum, viðskiptadeild, lagadeild, kennslufræði- og lýðheilsudeild og tækni- og verkfræðideild. Í kjölfar sameiningar verður til ný tækni- og verkfræðideild HR. Þar er boðið upp á fjölmargar námsbrautir í tölvunarfræði, tæknifræði og verkfræði, m.a. í heilbrigðisverkfræði og fjármálaverkfræði, auk Símenntunar og frumgreinasviðs. Á sama tíma lítur dagsins ljós ný kennslufræði- og lýðheilsudeild sem mun beita sér fyrir því að styrkja stærðfræði- og raungreinakennslu í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Í kennslufræðideildinni verður að auki grunn nám í íþróttufræði og meistaranám í lýðheilsufræði. Þá hefst í fyrsta sinn meistaranám við lagadeild og viðskiptadeild kynnir nýtt meistaranám, annars vegar í reikningshaldi og endurskoðun og hins vegar í fjármálum.

Framtíðarsýn HR er sú að verða alþjóðlega viðurkenndur fyrir kennslufræðilega nálgun og rannsóknir. Til að svo megi verða sóttum við í smíðjur valdra háskóla sem skara fram úr í Evrópu og Norður-Ameríku. HR er í víðtæku alþjóðlegu samstarfi við erlenda fræðimenn, háskóla og rannsóknarstofnanir. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og nú þegar starfa sjö rannsóknarstofnanir við HR: Evrópuréttarstofnun HR, Rannsóknarstofnun í fjármálarétti og Rannsóknarstofnun í auðlindarétti í lagadeild, Gagnasetur HR, Netsetur HR og Gervigreindarsetur HR í tölvunarfræðideild og Rannsóknarstofnun í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum í viðskiptadeild.

Starfsmannastefna skólans nær til stúdenta jafnt sem starfsmanna. Við viljum að allir stúdentar í Háskólanum í Reykjavík hlakki til að koma í skólann til að geta lagt sig fram. Inntak námsins skiptir þar mestu en einnig nýtum við áhrifaríkar kennsluáðferðir sem skapa lífandi áhuga á viðfangsefninu, lögð er áhersla á frumkvæði, samstarf og hagnýt verkefni í



tengslum við atvinnulífið. Við höfum framúrskarandi kennara og aðstaðan er til fyrirmyndar. Í Háskólanum í Reykjavík er einstakur metnaður og kraftur sem einkennist af nýsköpun, áráðni, sjálfstrausti og virðingu. Í umhverfinu er skapandi starfsandi sem nemendur og starfsmenn skólans upplifa og tala um.

Ég óska þess og trúí því að starfsemi HR muni verða stúdentum, starfsmönnum, íslensku atvinnulífi og samfélagi til farsældar. Í ljósi hlutverks háskólans, að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, viljum við að allir stúdentar sem útskrifast úr HR kunni að setja á stofn fyrirtæki og skapa störf. Með öflugum námsframboði og rannsóknarstarfi viljum við leggja okkar af mörkum til uppbyggingar hátækniíðnaðar á Íslandi, auk þess viljum við hlúa að þekkingarsamfélagi framtíðar sem mun nærast af virkjun hugvits og beislun sköpunarkraftsins sem býr í okkur öllum.

Ef þú ert að hugsa um að hefja nám í lögfræði, viðskiptafræði, tæknifræði, verkfræði, tölvunarfræði, kennslufræði, lýðheilsufræði eða á frumgreinabraut þá hvet ég þig eindregið til að kynna þér vel það sem Háskólinn í Reykjavík hefur upp á að bjóða. Ef þú hefur metnað til að skara fram úr og vilt vinna í kraftmiklu og gefandi umhverfi þá er Háskólinn í Reykjavík fyrir þig.

Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir,
rektor.



Þegar ég svo kom inn í Háskólann í Reykjavík, sá aðbúnaðinn og kynnti mér námsframboðið varð mér strax ljóst að þetta er skóli fyrir metnaðarfulla nemendur. Aðstaðan er gríðarlega góð, skólinn er opinn fyrir nemendur á hvaða tíma sólarhrings sem er og kennararnir eru einstakir.

Anna Sigríður Kristjánsdóttir, nemandi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.

Námið í THÍ er eitthvert það skemmtilegasta sem ég hef tekist á við. Það hefur gert mig að sterkari einstaklingi og hæfari til að takast á við komandi verkefni, með gagnrýnni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Þetta nám opnaði framtíðina fyrir mér og ég ber miklar væntingar til hins nýja sameinaða skóla.

Ásgeir Ingason, nemandi í rekstrardeild THÍ og formaður Technis.

SAMEINADUR HÁSKÓLI

Framúrskarandi háskóli

Sameining Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands opnar margvísleg tækifæri fyrir metnaðarfulla nemendur og fyrir íslenskt atvinnulíf með nýjum, öflugari og fjölbreyttari háskóla. Háskólinn í Reykjavík (HR) verður alþjóðlegur skóli, með íslenska og erlenda nemendur og kennara.

Háskóla- og rannsóknarstarf er gríðarlega mikilvægt fyrir framtíðar uppbyggingu íslenskra fyrirtækja. Hlutverk HR er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Háskólinn hefur þá sérstöðu að vera með öll helstu fyrirtæki landsins sem bakhjarla, bæði sem eigendur og samstarfsaðila. Með þátttöku atvinnulífsins og jákvæðni stjórnvalda til einkarekinna háskóla hefur tekist að búa til öflugan háskóla sem hefur metnað til að verða í fremstu röð, bæði kennslufræðilega og eins í rannsóknarstarfi. HR hefur á að skipa afburða stjórnendum, prófessorum, kennurum og öðrum starfsmönnum. Þegar í haust verða um 2500 nemendur við háskólann og hátt í 200 starfsmenn, auk fjölda stundakennara í öllum greinum.

Nýtt skólahúsnæði verður byggt upp af metnaði, með þarfir nemenda að leiðarljósi, og leitað verður bestu fyrirmynda erlendis. Vinnuaðstaðan verður góð og fjölbreytt. Markmiðið er að innan fárra ára verði búið að byggja upp háskólasvæði í

fremstu röð á Íslandi sem stenst vel alþjóðlegan samanburð. Rétt eins og viðskiptalífið verður háskólamenntun og rannsóknarstarf sífellt alþjóðlegra, þar sem þekking og hugmyndir flæða frjálst yfir landamæri og framþróun á sér stað með skoðanaskiptum á alþjóðlegum vettvangi. Við sjáum fyrir okkur að HR verði virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi, og dragi til sín erlenda fræðimenn og nemendur á sama tíma og okkar nemendum er gert mögulegt að taka hluta námsins í útlöndum. Við munum skapa erlendum stúdentum áhuga-verða framtíð með öflugri menntun í HR og fjölga enn frekar samstarfsaðilum og vinum okkar víða um heim. Jafnframt munum við undirbúa nemendur okkar vel fyrir frekara nám og störf á alþjóðlegum vettvangi.

Háskólinn í Reykjavík mun eftir sameiningu háskólanna tveggja hafa algjöra sérstöðu á Íslandi með víðtæku og markvissu námi í greinum sem tengjast íslensku atvinnulífi. HR hefur mikilvægu hlutverki að gegna í framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags. Á sama tíma er einstakar samstarfs- og vinnuandi í skólanum, þar sem nemendur hafa rödd og starfsfólk leggur sig fram um að mæta þörfum þeirra. Þeir stúdentar sem hafa hug á að skara framúr eru á rétttri leið ef þeir sækja nám í Háskólanum í Reykjavík. Við bjóðum stúdenta innilega velkomna.

Sverrir Sverrisson,
formaður háskólaráðs HR.

Háskólaráð

Í háskólaráði eru sjö aðalmenn og þrjú varamenn.

Efri röð frá vinstri: Finnur Geirsson, Guðný Káradóttir, Jón Ágúst Þorsteinsson, Ásdís Halla Bragadóttir og Elvar Aðalsteinsson.

Fremri röð frá vinstri: Sjöfn Sigurgísladóttir, Sverrir Sverrisson, formaður Háskólaráðs, Kristín S. Hjálmtýsdóttir, Jón Sigurðsson. Á myndina vantar Katrínu Pétursdóttur.



VIÐSKIPTAÐEILD

Stærri og öflugri heild

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er ný deild - deild sem er sameinuð úr rekstrardeild THÍ og viðskiptadeild fyrrverandi HR. Kappkostað er að nýta það besta úr báðum deildum og útkoman er stærri og öflugri deild.

Byggt hefur verið upp metnaðarfullt BS-nám þar sem nemendur læra kjarngóðan grunn viðskiptafræða sem nýtist vel í framhaldsnám. Þá er hagnýtingu fræðanna gert hátt undir höfði sem beita má í starfi að námi loknu. Báðar gömlu deildirnar byggðu mikið á tengslum við atvinnulífið, og fá nemendur hinnar nýju viðskiptadeildar enn fleiri tækifæri til að vinna með fyrirtækjum sem er hluti af náminu. Sveigjanleiki í námi er mikill - nemendur geta ýmist stundað námið í dagskóla eða í svokölluðu HMV-námi (háskólanám með vinnu), sem er stundað á milli kl. 16 og 20 flesta virka daga.



Í viðskiptadeild HR eru nemendur „hluthafar“ í náminu, sem þýðir að nemendur taka virka ábyrgð á námi sínu í skólanum. Nálægð við kennara og samnemendur, ásamt gagnvirkum kennsluáðferðum, gerir það að verkum að nemendur öðlast ekki einungis tækifæri til að auka þekkingu sína heldur einnig til að þjálfa hæfni og auka vísýni.

Í breytilegu og flóknara viðskiptalífi er kallað eftir fólki með framhaldsmenntun. Þar vill viðskiptadeild HR styðja áhugasama nemendur og styrkja jafnframt atvinnulíf Íslendinga með kennslu til MBA- eða MSc-prófs. Við skólann er afar

öflugt MBA-nám þar sem nemendur með mjög mismunandi bakgrunn vinna náið saman að fjölbreyttum verkefnum undir stjórn frábærra íslenskra og erlendra kennara, sem koma frá bestu skólum Evrópu og Bandaríkjanna. HR á í afar góðu samstarfi við nokkra af þekktustu viðskiptaháskólum heims um að fá kennara til starfa, ekki bara í MBA-náminu heldur einnig MSc-námi og jafnvel í BS-námi. Kennt er annars vegar til meistaraþrófs í reikningshaldi og endurskoðun, og hins vegar í fjármálum.

Undirstaða góðs viðskiptanáms er, eins og áður segir, mikil og góð tengsl við fyrirtæki og atvinnulíf. Rannsóknir eru ekki síður mikilvæg undirstaða, og eru í raun órjúfanlegur þáttur í starfi góðra háskóla. Þær eru stundaðar af fullum krafti við hina nýju viðskiptadeild, og vinna nú þegar nokkrir

nemendur við deildina að rannsóknartengdu doktorsnámi í viðskiptafræðum.

BS-NÁM VIÐ VIÐSKIPTAÐEILD

Markmiðið með BS-námi við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er að búa nemendur undir að takast á við krefjandi verkefni að námi loknu, hvort sem ætlunin er að axla ábyrgð í atvinnulífinu eða halda áfram í frekara námi.

Viðskiptafræði er fjölbreytt grein sem spannar vítt fræðasvið. Helstu grunnþættir hennar eru fjármál, hagfræði,

Frábær aðstaða nemenda og mikil nálægð við kennara skólans veitir Háskólanum í Reykjavík mikla sérstöðu. Það sem hefur komið mér mest á óvart og færir skólann feti framár en aðra háskóla hér eru sterk tengsl hans og **nálægð við atvinnulífið.** Það skiptir nemendum höfuðmáli að eiga greiðan aðgang að fyrirtækjum og aðilum í atvinnulífinu til þess að geta dýpkað þá þekkingu sem hefðbundið skólastarf leggur grunninn að.

Jóhann Steinar Jóhannsson,
nemandi á 3. ári í viðskiptafræði
við Háskólann í Reykjavík

VIÐSKIPTAÐEILD



FRÁ FORSETA VIÐSKIPTAÐEILDAR HR

Í haust sameina tvær deildir, viðskiptadeild gamla HR og rekstrardeild THÍ, krafta sína og mynda eina öflugustu háskóladeild á Íslandi. Aldrei fyrr hafa nemendur fengið eins fjölbreytt tækifæri til náms í viðskiptafræðum. Það eru spennandi tímar framundan í viðskiptamenntun á Íslandi. Við höldum af stað inn í tíma uppgangs, sem er einnig tími óvissu. Góð þekking og færni í rekstri fyrirtækja mun hjálpa fólki til að skapa framtíðina sjálft og minnka þannig óvissuna. Þetta kallar á vinnu og átak.

Ég vil því bjóða þér, nemandi góður, að koma til liðs við okkur í þetta sameiginlega átak í menntun viðskiptafræðinga til hagsbóta fyrir þig, fyrirtækin og þjóðfélagið í heild. Sæktu um nám við deildina og þar verður þér veitt tækifæri til að blómstra. Við veitum þér bestu aðstæður til að ná árangri – skólann, samskipti við kennara, aðra nemendur og fyrirtæki – en þú verður að nýta þær sjálf(ur).

Það að ná afburða árangri í námi er eins og að ná afburða árangri í íþróttum og listum. Aðstæður hjálpa en þú verður sjálf(ur) að nýta þær í vinnu þinni. Við höfum framúrskarandi aðstöðu til þess að þú getir náð árangri og uppskorið hagnýta þekkingu og öruggan grunn fyrir frekara nám eða starf í góðu fyrirtæki.

Dr. Þorlákur Karlsson.

markaðsfræði, stjórnun, vöru- og rekstrarstjórnun, alþjóðavíðskipti og tungumál, reikningshald og nýsköpun. Nemendur geta valið milli eftirfarandi sex sviða í námi sínu og lagt sérstaka áherslu á eitt þeirra:

- alþjóðavíðskipti og tungumál
- fjármál
- hagfræði
- markaðsfræði
- stjórnun
- vöru- og rekstrarstjórnun

Nemendum í viðskiptafræði gefst einnig kostur á að ljúka 15 eininga vali úr tækni- og verkfræðideild, eða lagadeild, og víkka þannig út þekkingu sína. Nám viðskiptadeild HR miðar að því að gefa nemendum á fyrstu tveimur námsárunum trausta undirstöðu í lykilkáttum viðskipta. Námið byggist á miklum hagnýtum verkefnum í lok fyrsta og annars námsárs, og gefa þau verkefni viðskiptafræðinámi við HR ákveðna sérstöðu. Lokaverkefnið er BS-ritgerð þar sem í senn er lögð áhersla á að prófa og þjálfaglegu hæfni og sjálfstæð vinnubrögð. Áhersla er lögð á hagnýt verkefni í samstarfi við fyrirtæki og atvinnulíf.

TUNGUMÁLATENGT VIÐSKIPTANÁM

Með aukinni alþjóðavæðingu skipta tungumálakunnáttu og menningarlausni sífellt meira máli til að ná árangri í viðskiptum. Viðskiptadeild HR býður samþætt tungumála- og viðskiptanám sem er ein af áherslum deildarinnar. Nemendur geta sinnt hluta tungumálanámsins yfir sumartímamán í erlendum samstarfsskólum viðskiptadeildar. Þeir velja annað hvort viðskiptaensku eða viðskiptaspænsku, og miðar kennslan að því að nemendur geti stundað alþjóðlegt samstarf, staðið í samningaviðræðum, öðlast trúverðuleika og búið yfir góðri samskiptahæfni á þessum tungumálum.

Nemendum gefst einnig kostur á að þreyta alþjóðleg próf í ensku eða spænsku. Próf af þessu tagi eru oftast en ekki nauðsynlegur aðgöngumiði að starfsmöguleikum þar sem reynir á tungumálakunnáttu.

ATVINNULÍFIÐ FAGNAR VIÐSKIPTANEMENDUM HR

Viðskiptadeild HR er með um 1000 nemendur, þar af hátt í 200 í meistara- eða MBA-námi. Markmið deildarinnar er að veita viðurkennda viðskiptamenntun sem býr nemendum undir að ná framúrskarandi árangri í atvinnulífinu eða frekara námi, bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi. Atvinnulífið hefur líka tekið vel á móti fólki með nám úr viðskiptadeild HR.

VIRK TENGING VIÐ ERLENDA VIÐSKIPTAHÁSKÓLA

Viðskiptadeild býður upp á fjölmargar námsleiðir á grunn- og meistarastigi, en er einnig með afgerandi forystu í stjórnendamenntun. Við deildina starfa kennarar með víðtæka sérfræðimenntun og mikla reynslu úr atvinnulífinu. Eitt af lykilatriðum í þróun námsins er virk tenging við virta viðskiptaháskóla í Evrópu og Norður-Ameríku, en sérfræðingar úr samstarfsskólunum kenna fjölda námskeiða við deildina. Einnig er mikil áhersla lögð á nán samskipti við atvinnulífið í gegnum úrvinnslu raunhæfra verkefna, ráðgjafanefndir og ýmsa styrki. Kennslufyrirkomulag viðskiptadeildar einkennist af gagnvirkni, hópavinnu og þátttöku nemenda. Þetta, ásamt miklum metnaði stjórnenda, kennara og starfsmanna, og ekki síst nemendanna sjálfra, er það sem gerir nám í viðskiptadeild HR einstakt.

NÝTT MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAÐEILD

Haustið 2005 mun HR bjóða upp á nýtt meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun annars vegar og fjármálum hins vegar. Námið í reikningshaldi og endurskoðun er ætlað þeim sem hyggjast leggja stund á endurskoðun, með löggildingu í huga, eða þeim sem hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar á sviði reikningshalds hjá fyrirtækjum. Fjármálanámið er á hinn bóginn hannað fyrir starfsmenn fyrirtækja á fjármála-markaði, og aðra sem lokið hafa grunnnámi og vilja styrkja þekkingu sína og sérhæfingu innan fjármála- og verðbréfa-markaðar. Kennarar í náminu verða margir af helstu sérfræðingum landsins í reikningshaldi og endurskoðun annars vegar og fjármálum hins vegar. Þá munu margir erlendir prófessorar kenna í náminu. Sá hluti fjármálanámsins sem nefnist MSIM byggist á samnefndri gráðu sem í boði er við Boston University, og er hluti námskeiðanna í umsjón prófessora þaðan. Þekktastur þeirra er væntanlega Prof. Bodie, einn virtasti fræðimaður heims á sviði fjármála og höfundur kennslubókarinnar *Investments*. Kennsla í þessum hluta hófst haustið 2004.

Forstöðumaður meistaranámsins er Stefán Svavarsson, sem er helsti fræðimaður á sviði reikningshalds og endurskoðunar á Íslandi.

MBA

MBA-námið er almennt stjórnunar- og rekstrar nám á meistarastigi og er ætlað einstaklingum með háskólapróf sem vilja styrkja stjórnunar- og leiðtogafileika sína. Markmiðið er að gefa margþætta innsýn í rekstur og stjórnun fyrirtækja. Ein af aðaláherslum í MBA-náminu er að þróa hæfileika hvers

og eins til að stjórna og reka fyrirtæki í síbreytilegum heimi, og búa einstaklingana undir aukna ábyrgð og leiðtoga hlutverk í fyrirtækjum og stofnunum. Árangur stjórnenda er ekki síst háður persónulegum þroska og samskiptahæfileikum, og lögð er áhersla á að nemendur vinni með ólíkum einstaklingum og þroski þannig þá hæfileika sína.



„Ég útskrifaðist úr Tækniháskólanum árið 2001 eftir þrjú einstaklega ánægjuleg en jafnframt krefjandi ár. Námið var skemmtilegt og hæfði mínu áhugasviði fullkomlega. **Í starfi hefur námið einnig nýst mér einstaklega vel og finnst mér ég hafa komið vel undirbúinn út á atvinnumarkaðinn.** Eftir nám hóf ég störf hjá Tæknivali í markaðsdeild, þaðan lá leiðin í Sláturfélagið þar sem ég gerðist markaðsstjóri, og í janúarbyrjun 2005 hóf ég störf í Húsasmiðjunni sem markaðsstjóri. Ég hvet alla sem hafa áhuga á markaðsmálum að kynna sér vel þetta nám.“

Jón Viðar Stefánsson,
markaðsstjóri Húsasmiðjunnar.



„Sífelld meiri kröfur eru gerðar til þeirra sem starfa á endurskoðunarsviði og því er þýðingarmikið að þeir fái trausta fræðilega menntun og öðlist faglega færni innan veggja skólans.“

Stefán Svavarsson,
forstöðumaður MSc-náms í viðskiptadeild HR.

VIÐSKIPTAÐEILD



„Ég er á næstsíðustu önn á markaðsfræðibrautinni í Rekstrardeildinni. Mér hefur líkað vistin einstaklega vel. Það er góður andi í Tækniháskólanum, kennslan til fyrirmyndar og stundataflan einföld og þægileg. Ég er ekki frá því að maður sé bara að verða nokkuð sleipur í fræðunum.“

Jóhannes Ásbjörnsson, nemandi á markaðsfræðibraut. Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands.



„Með því að stunda rannsóknir í viðskiptafræðum sköpum við nýja þekkingu sem nýtist íslensku atvinnulífi og eigum auðveldara með að tileinka okkur og miðla þekkingu annarra. Svo eru þær líka svo skemmtilegar!“

Rögnvaldur J. Sæmundsson, lektor við viðskiptadeild HR.



„Áhugi minn á því að starfa á erlendum vettvangi og aukið mikilvægi góðrar tungumálakunnáttu í alþjóðavæðingu viðskiptaheimsins er ástæða þess að ég valdi tungumálatengt viðskiptanám. Enska er mest notaða tungumálið í alþjóðlegum samskiptum og góð kunnáttu í viðskiptaensku gefur manni gott forskot. Námið veitir ahlíða þjálfun í rituðu og mæltu máli, og er í senn krefjandi, metnaðarfullt og skemmtilegt. Auk þess býður skólinn upp á toppaðstöðu fyrir nemendur og hér ríkir frábær liðsandi!“

Bryndís Ósk Jónsdóttir, nemandi í viðskiptadeild. Stúdent frá Fjölbrotarskólanum í Garðabæ.



„Starfsmenn Össurar sem komið hafa frá THÍ hafa náð ágætum árangri í starfi. Þónokkur dæmi eru um að nemendur sem unnið hafa verkefni hjá Össurri hafi síðar verið ráðnir til starfa hjá fyrirtækinu. Tengsl THÍ við fyrirtækin í landinu og fyrirtækjatengt verkefni hafa hjálpað nemendum að skilja rekstur og þannig auðvaldað þeim að koma til starfa hjá fyrirtækjum eins og okkar, sem vilja sjá árangur á skömmum tíma. Eigin reynsla mín af THÍ (nú HR) var afar jákvæð, mér líkaði vel við þá stefnu að byggja verkefni á hópvinnu, sem er hornsteinn framúrskarandi árangurs nútímafyrirtækja.“

Jón Kr. Gíslason, starfsmannastjóri ÖSSURAR hf.

RANNSÓKNARMIÐSTÖÐ Í NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLAFRÆÐUM

Hæfni til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi er mikilvæg fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Rannsóknarmiðstöð í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum stuðlar að uppbyggingu þekkingar á þessu sviði og veitir ráðgjöf þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja efla nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Forstöðumaður er Dr. Rögnvaldur Sæmundsson. Meðal helstu verkefna eru Nýsköpun 1999-2003 og GEM-frumkvöðlarannsóknin (*Global Entrepreneurship Monitor*) sem er viðamesta og virtasta rannsókn á frumkvöðlastarfsemi sem gerð er í heiminum.

RANNSÓKN CRANET Á MANNAUÐSSTJÓRNUN

Annað stórt rannsóknarverkefni við deildina er á sviði mannaútsjórnunar, og felur í sér þátttöku í stórra alþjóðlegri rannsókn undir formerkjum *Cranfield network on international human resource management* (CRANET). Markmið þessa verkefnis er að skoða aðferðir og vinnubrögð í mannaútsjórnun á Íslandi, samanborið við önnur lönd, og að greina áhrif þeirra aðferða á árangur fyrirtækja og stofnana.

Allmargir kennarar í deildinni stunda aðrar rannsóknir og í bígerð er að setja á laggirnar fleiri rannsóknarmiðstöðvar. Rannsóknir kennara er afar mikilvæg stoð undir góða kennslu í deildinni.

ÚTSKRIFADIR NEMENDUR SEGJA:

- 97% mæla með viðskiptanámi við HR
- 87% námið við HR hefur nýst vel eða mjög vel í starfi
- 50% hafa áhuga á að starfa erlendis
- 16% hafa þegar stofnað sín eigin fyrirtæki
- 74% þeirra sem útskrifuðust 2003 voru komnir með vinnu fyrir útskrift

NÝTT BS-NÁM Í VIÐSKIPTAÐEILD - UPPRÖÐUN NÁMSKEIÐA Á ANNIR

Ár	Önn	Fræðingur
1. ár	1. önn (haust)	Hagnýt stærðfræði I
		Rekstrarhagfræði I
		Fjárhagsbókhald
		Markaðsfræði
2. ár	2. önn (vor)	Stjórnun
		Þjóðhagfræði I
		Rekstrarbókhald
		Fjármál I
3. ár	3. önn (haust)	Aðferðafræði
		Nýsköpun og stofnun fyrirtækja
		Hagnýt tölfraði I
		Fjármálamarkaðir
4. ár	4. önn (vor)	Rekstrarstjórnun
		Gerð og greining ársreikninga
		Alþjóðaviðskipti
		Mannauðsstjórnun
5. ár	5. önn (haust)	Stjórnun ferla og umbætur
		Neytendahæðun og markaðssamskipti
		Stefnumótun
		Fjármál II
6. ár	6. önn (vor)	Viðskiptaréttur
		Hagnýt upplýsingakerfi
		Markaðs- og viðskiptarannsóknir
		Val
7. ár	7. önn (vor)	Val
		BS-verkefni
		Val
		Val

NÝTT BS-NÁM Í VIÐSKIPTAÐEILD - DÆMI UM VALNÁMSKEIÐ Á ÞRIÐJA ÁRI, EFTIR ÁHERSLUSVIÐUM

FJÁRMÁL	STJÓRNUN OG STEFNUMÓTUN	HAGFRÆÐI	MARKAÐSFRÆÐI	VÖRU- OG REKSTRARSTJÓRNUN	ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI OG TUNGUMÁL
Afleiður	Leiðtogar og breytingastjórnun	Rekstrarhagfræði II	Stefnumótandi markaðsáætlanagerð	Framleiðslu- og birgðastjórnun	Menningarläsi og alþjóðasamskipti
Eignastýring	Vinnusálfræði	Þjóðhagfræði II	Markaðssetning á fyrirtækjamarkaði og stjórnun viðskipta-tengsla	Stjórnun aðfangakeðjunnar	Enska
Verðmat fyrirtækja	Þjónustu- og þekkingarstjórnun	Valin efni í hagfræði	Vörumerkjastjórnun	Hagnýt vörustjórnun	Spænska

HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU

Nám fyrir einstaklinga með reynslu úr atvinnulífinu



„Háskólanám með vinnu hefur gefið mér tækifæri til að stunda bæði hagnýtt og skemmtilegt nám í góðu umhverfi. Kennararnir eru metnaðarfullir og með **góða reynslu úr atvinnulífinu sem gefur náminu meira gildi og það höfðar til fólks með mismunandi bakgrunn og aldur**. Útkoman eru námskeið sem eru í senn fróðleg og krefjandi. Ég er mjög ánægð með þá ákvörðun mína að fara í viðskiptafræðinám við Háskólann í Reykjavík og get ég hiklaust mælt með því.“

Sara Margreta Fuxen,
starfsmaður Íslandsbanka.



„Háskólanám með vinnu við viðskiptadeild HR er að mínu mati einstakt tækifæri fyrir vinnandi fólk til að afla sér góðrar menntunar. Fagmennska og hvatning kennara var mér gott veganesti bæði í starfi og í framhaldsnámi mínu. Eftir að hafa **skoðað nokkra erlenda háskóla get ég fullyrt að aðbúnaður nemenda í HR er með því besta sem gerist**. Sá grunnur sem námið í HR veitti mér hefur reynst mér **traustur grunnur að góðum árangri í MBA-náminu**.“

Ingvaldur Þór Einarsson, MBA við Edinborgarháskóla.
Útskrifaðist frá HMV, viðskiptadeild HR 2004.

Háskólamenntuðum viðskiptafræðingum fer fjölgandi um leið og meiri kröfur eru gerðar um menntun og sérhæfingu í viðskiptalífinu. Því má líta á háskólamenntun í viðskiptafræðum sem fjárfestingu til framtíðar sem getur skilað sér í betra starfi, hærri launum og nýjum tækifærum.

Háskólanám með vinnu, HMV, er ætlað einstaklingum sem hafa öðlast reynslu í atvinnulífinu og vilja sækja sér háskólamenntun á sviði viðskipta samhliða vinnu. Í boði er 90 eininga BS-nám og 45 eininga diploma-nám. Í diploma-námi er val um tvö áherslusvið, stjórnun og starfsmannamál, markaðsfræði og alþjóðaviðskipti annars vegar eða fjármál og rekstur hins vegar. Sömu kröfur eru gerðar til nemenda í HMV og nemenda í hefðbundnu námi í viðskiptadeild. Mikil áhersla er lögð á gæði námsins og samanstendur kennarahópurinn af einstaklingum með víðtæka sérfræðimenntun, reynslu úr atvinnulífinu og metnað fyrir hönd skólans og nemenda.

Unnt er að ljúka 90 eininga BS-námi á rúmum þremur árum eða tíu önnum með því að stunda námið einnig yfir sumar tímamann. Diploma-námi er hægt að ljúka á tæpum tveimur árum eða fimm önnum. Miðað er við að þeir sem hljóta innngöngu í HMV hafi lokið stúdentsprófi, séu að minnsta kosti 25 ára og búi að lágmarki yfir þriggja ára starfsreynslu. Kennsla fer fram milli klukkan 16 og 20 þrjá daga í viku.

SÉRSTAÐA VIÐSKIPTAFRÆÐINÁMSINS Í HR

- Inntaka nemenda miðast við að velja góða námsmenn með skýr markmið í lífinu og mikla samskiptafærni.
- Við val á kennurum leggur viðskiptadeildin áherslu á bæði framúrskarandi fræðilega þekkingu og marktæka reynslu.
- Markmiðið er að útskrifaðir nemendur séu gerendur, ekki síður en greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði náum við með jafnvægi milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.
- Viðskiptadeild HR hefur sterk tengsl við atvinnulífið; kennarar eru ýmist starfandi í atvinnulífinu eða taka virkan þátt í því gegnum ráðgjöf og sérfræðivinnu, og nemendur vinna raunhæf verkefni í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir.
- Nemendur greiða skólagjöld, sem leiðir til þess að kröfur þeirra til skólans eru meiri og skólagjöldin gefa svigrúm til að mæta kröfum um betri og persónulegri þjónustu.
- Andrúmsloftið í HR er sérstakt og einkennist af hlýjum og vinalegum samskiptum. Þjónusta við nemendur í HR er veitt með hjartanu; ekki bara höfði og höndum.

Háskólanám með vinnu, HMV, gerði mér kleift að láta gamlan draum rætast. Ég gat menntað mig frekar í viðskiptafræðum, en jafnframt haldið áfram á minni starfsbraut, **Vikkað sjóndeildarhringinn** og um leið ornað mér nýjar leiðir inn í framtíðina.

Linda Gunnarsdóttir,
flugstjóri hjá Icelandair
og nemandi í HMV
í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

STJÓRNENDASKÓLINN

Brú milli fræðilegrar þekkingar og árangursríkrar hagnýtingar

Framsækin þjálfun og menntun stjórnenda og starfsfólks fyrir tækja og stofnana gerir þeim kleift að skara fram úr í samkeppni og vera skapandi á tímum breytinga.

Hlutverk Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík er að starfa náið með fyrirtækjum við að efla stjórnunar- og leiðtoga-hæfni, halda og bæta við fagþekkingu og veita stuðning við stefnumótun og innleiðingu breytinga í rekstri. Lausnir Stjórnendaskólans eru sérsníðnar að þörfum og aðstæðum viðskiptavina, hvort sem unnið er að afmörkuðum þætti í leiðtogaþjálfun eða umfangsmiklu stefnumótunar- og breytingaferli.

Sérstaða Stjórnendaskólans felst í klæðskerasaumum lausnum sem byggja á faglegri greiningu á stöðu, stefnumótun og þörfum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnendaskólinn hefur aðgang að breiðum hópi sérfræðinga innan HR sem hafa sterkan fræðilegan grunn, umtalsverða

reynslu úr atvinnulífinu og hafa skarað fram úr í ráðgjöf á sínu sviði. Ennfremur er leitað til fólks utan HR þegar þörf krefur, t.a.m. þekkttra sérfræðinga frá háskólum á borð við Harvard Business School, Insead, IESE og IMD sem hafa lagt sitt af mörkum til að Stjórnendaskólinn geti boðið sérsníðna ráðgjöf sem byggir á rannsóknum, reynslu og faglegri þekkingu alþjóðlegrar framvarðasveitar í viðkomandi fræðigrein.

Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík skilgreinir árangur með hliðsjón af velgengni þeirra fyrirtækja og stofnana sem starfa með skólanum. Frábær árangur viðskiptavina og jákvæðar viðtökur í íslensku atvinnulífi eru okkur hvatning til að þróa þjónustu skólans áfram á sömu braut með áherslu á sérsníðnar lausnir, færustu sérfræðinga og fagleg vinnubrögð. Við erum stolt af því að koma við sögu í árangursríku starfi viðskiptavina okkar og eigum von á að Stjórnendaskólinn haldi áfram að byggja brú á milli fræðilegrar þekkingar og árangursríkrar hagnýtingar hennar í íslensku atvinnulífi.



„Stjórnendaskóli HR gegnir lykilhlutverki í að styrkja stjórnendahóp okkar hjá VISA. Leiðbeinendur Stjórnendaskólans eru fyrsta flokks, vel að sér í sínu fagi og kunna bæði skil á fræðum og hagnýtingu. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og hvetja til líflegra skodanaskipta og eru sérlega vel til þess fallnar að varpa ljósi á bestu leiðir að árangri í okkar starfi.“

Randver C. Fleckenstein,
starfsmannastjóri VISA.



„Það sem gerir Stjórnendaskólann að áhugaverðum kosti er að lausnir eru sniðnar að áherslum og aðstæðum viðskiptavinarins. Frábærir leiðbeinendur ýttu við okkur hjá Flugmálastjórn og fengu okkur til að hugsa á nýstárlegan hátt um viðfangsefni okkar sem stjórnendur og leiðtogar. Sérstaklega þótti mér athyglisvert AHA-líkanið sem gefur nýja vídd í skilningi á hegðun fólks.“

Sigrún Traustadóttir,
framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs
Flugmálastjórnar Íslands.

Hjá KB banka höfum við haft frábæra reynslu af samstarfi við Stjórnendaskóla HR. Námið er sérsníðið að þörfum hópsins sem vinnur að innleiðingu og stjórn þeirra miklu breytinga sem bankinn hefur gengið í gegnum á undanförunum misserum. Við höfum nýtt okkur framúrskarandi leiðbeinendur sem hafa sett sig vel inn í starfsemi bankans, sem gefur náminu augljóst hagnýtt gildi. Vegna ávinnings okkar af samstarfi við Stjórnendaskólann leggjum við nú drög að frekari fræðslu fyrir stjórnendur bankans sem við gerum ráð fyrir að muni ekki ganga síður vel en það sem á undan er gengið.

Svali H. Björqvinnsson,
starfsmannastjóri KB banka.

LAGADEILD

Nýjar áherslur - markvisst nám - meiri möguleikar

Á undanförunum árum hafa orðið verulegar breytingar á starfsumhverfi íslenskra lögfræðinga, sem kalla á nýjar og markvissar áherslur í laganámi. Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám, sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði.

Allir nemendur sem hefja nám við lagadeild HR byrja á 3ja ára (90 eininga) grunnnámi til BA-gráðu. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestrum og raunhæfum verkefnum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda. Að grunnnámi loknu gefst nemendum kostur á tveggja ára (60 eininga) framhaldsnámi til meistaraþrófs í lögfræði, ML.



Í grunnnámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík er lögð sérstök áhersla á:

- hefðbundnar „kjarnagreinar“ lögfræðinnar og að auki mikil áhersla á hinar „nýju kjarnagreinar“, s.s. félagarétt, skattarétt, samkeppnisrétt, fjármálaþjónusturétt, hugverkarétt, Evrópurétt og þjóðarétt.
- alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og aukna þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.
- notkun rafrænna miðla í námi og starfi lögfræðinga.
- raunhæf verkefni sem tengja lögfræðinámið þeim veruleika sem laganema bíður að námi loknu.

3JA ÁRA GRUNNNÁM TIL BA-GRÁÐU

Í grunnnáminu er lagður mjög breiður fræðilegur grundvöllur með kenningu í öllum megingreinum lögfræðinnar. Leitast er við að tengja hina fræðilegu umfjöllun raunhæfum viðfangsefnum, og verkefnavinna er mikil innan einstakra námskeiða og í sérstökum verkefnanámskeiðum.

2JA ÁRA NÁM TIL MEISTARAGRÁÐU

Meistaránám hefst við lagadeild HR haustið 2005. Skipulag námsins einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir, og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði.

Námið byggir að verulegu leyti á sjálfstæðri vinnu nemenda undir handleiðslu færustu kennara, með mikilli áherslu á rannsóknir og verkefnavinnu.

Ég horfi til
fram tíðar,
ekki fortíðar.
Því valdi ég laganám
við Háskólann í Reykjavík.

Halldór Karl Halldórsson,
laganemi á 2. ári við HR.



FRÁ FORSETA LAGAÐEILDAR HR

Nám við Lagadeild Háskólans í Reykjavík skiptist í grunnnám til BA-gráðu og framhaldsnám til meistargráðu (ML). Í grunnnáminu er lögð höfuðáhersla á að veita nemendum trausta undirstöðu í aðferðafræði og yfirgripsmikla þekkingu í öðrum höfuðgreinum lögfræðinnar.

Við kennslu er beitt nútímalegum aðferðum og mikið lagt upp úr verkefnavinnu. Meistaránámið miðar að sérhæfingu og er rannsóknartengt. Einn megintilgangur þess er að hvetja nemendur og þjálfar til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragna á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.

Þær meginstöðir sem lagadeild HR hvílir á eru vandað og krefjandi nám, úrvæls kennarar og fræðimenn, og nemendur sem eru tilbúnir til að leggja það á sig sem þarf til að verða framúrskarandi lögfræðingar. Laganám er mikil vinna en hún er bæði skemmtileg og þroskandi.

Það er aðalmerki okkar að námið er í sífældri endurskoðun og mótnun. Nemendur eru virkir þátttakendur í þeirri vinnu. Lagadeild HR er kraftmikil og framsækin háskóladeild sem sækir þrótt sinn til þeirra sem þar starfa, nemenda, kennara og annarra starfsmanna.

Þórður S. Gunnarsson.

ÁHERSLUSVIÐ

Fjöldi námskeiða er í boði innan meistaranámsins en sérstök áhersla lögð á að bjóða námskeið og málstofur á sviði:

- alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta.
- dómstóla og málfutnings.
- fjármunaréttar.

Mögulegt verður að ljúka meistaranámi af alþjóðasviði.

INNTÖKUSKILYRÐI Í MEISTARANÁM

Þeir sem hafa BA-próf eða aðra sambærilega háskólagráðu í lögfræði geta sótt um meistaranámið, sem og þeir sem hafa BA-próf eða aðra sambærilega háskólagráðu (t.d. BS eða B.Ed) í annarri námsgrein en lögfræði.

Það er nýjung á Íslandi að hægt sé að ljúka meistaranámi í lögfræði þótt nemandi hafi ekki lokið grunnnámi í lögfræði heldur í annarri háskólagrein, t.d. viðskiptafræði, hagfræði, stjórnmálafræði, tæknifræði eða sagnfræði svo nokkur dæmi séu nefnd. Í tilvikum sem þessum leiðir meistaraþrófið ekki til fullnaðarprófs í lögfræði.

Þeir sem ljúka meistaranámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 120 einingum í lögfræðigreinum, teljast hafa lokið fullnaðarþrófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

HLUTI NÁMS VIÐ ERLENDA SAMSTARFSHÁSKÓLA

Lagadeild HR er í samstarfi við fjölda erlendra háskóla, m.a. í Japan, Kanada og á Norðurlöndum. Nemendum stendur til boða að ljúka hluta námsins, allt að 15 einingum í grunnnámi og 30 einingum í meistaranámi, við erlenda háskóla, á grundvelli nemendaskiptasamninga eða á öðrum forsendum, og þá að fengnu samþykki lagadeildar. Vel skipulagt laganám við erlenda háskóla getur falið í sér mikinn virðisauka í menntun og reynslu, og opnað nemendum nýja sýn og möguleika í námi og starfi.

RAUNHÆF VIÐFANGSEFNI

Í grunnnámi er veruleg áhersla lögð á raunhæf viðfangsefni og þannig leitast við að tengja lögfræðinámið þeim veruleika sem bíður laganema að því loknu. Í meistaranámi lagadeildarinnar er svo sérstök áhersla lögð á að hvetja nemendur og þjálfar greinandi og gagnrýna hugsun og vísindaleg vinnubrögð á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.



„Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður nemendur velkomna til starfa í faglega krefjandi og nútímalegu umhverfi. Hjá HR fara hagsmunir nemenda og starfsmanna saman í opnu og jákvæðu umhverfi þar sem boðskiptaleiðir eru greiðar. **Við leggjum jöfnum höndum áherslu á rannsóknir og kennslu.** Þá leggjum við jafnframt mikla áherslu á tengsl milli starfsemi innan og utan veggja HR, enda réttarfræðingur oft mikilvægasta uppspretta fræðilegrar umfjöllunar. Þessi áhersla endurspeglast svo í rannsóknum og kennsluáðferðum við lagadeildina.“

Dr. juris Guðmundur Sigurðsson, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.



„Það eru forréttindi að vera nemandi við lagadeild HR. Námið einkennist af metnaði, skipulagningu og miklum kröfum til nemenda. **Raunhæfu verkefni tengja námið við veruleikann og það sem lögfræðingar fást við í dag.** Upplýsingaflæði á innra netinu milli nemenda og kennara er eins og best verður á kosið, og aðstaða nemenda er til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er frábært félagslíf.“

Margrét Anna Einarisdóttir, laganemi á 1. ári, stúdent frá Verzlunarskóla Íslands.



„Í lagadeildinni ríkir mjög góður andi, mikill metnaður einkennir bæði kennara og nemendur sem gera gagnkvæmar kröfur hvorir á aðra. Námið er krefjandi en um leið skemmtilegt og í sterku samhengi við raunveruleikann strax frá byrjun. Hjálpssemi og samkennd ríkir innan hópsins en heimilislegur andi og vinalegt viðmót einkennir samskipti nemenda, kennara og annars starfsfólks skólans.“

Guðriður Lára Þrastardóttir, laganemi á 2. ári, stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík.



„Laganám við Háskólann í Reykjavík er **gríðarlega metnaðarfullt og vel skipulagt nám.** Miklar kröfur eru gerðar til nemenda, kennsluáðferðir mjög góðar og **aðgengi að kennurum til fyrirmyndar, sem skapar gott og persónulegt andrúmsloft** innan skólans. Deildin hefur staðið fyllilega undir þeim væntingum sem ég gerði til hennar.“

Garðar Víðir Gunnarsson, laganemi á 3ja ári, stúdent frá Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra.



„Rannsóknir og kennsla eru grundvallarþættir í háskólastarfi og styðja hvor við annan. **Öflugt rannsóknarstarf leiðir til þess að skólinn fái til liðs við sig og haldist á góðu starfsfólki, og skiptir öllu um gæði menntunarinnar** sem nemendur fá. Það byggist bæði á því að endanlegt takmark rannsókna er öflun og sköpun þekkingar, og á því að í rannsóknarháskólum koma nemendur oft að rannsóknarstarfi kennara eða kynnast því starfi með öðrum hætti og fá því mikilsverða þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Við lagadeild HR eru stundaðar rannsóknir á mörgum og ólíkum sviðum í lögfræði en í samræmi við hefðir í háskólastarfi fer auðvitað eftir áhugasviðum kennara hver þau eru hverju sinni.“

Dr. Ragnhildur Helgadóttir,
formaður Rannsóknarráðs.



„Háskólinn í Reykjavík leggur megináherslu á að mæta þörfum atvinnulífsins með því að þjálfa nemendur í að takast á við verkefni á vettvangi viðskipta og milliríkjasamskipta. Jafnframt er gerð rík krafa til nemenda um að þeir tileinki sér grundvallargreinar lögfræðinnar. **Aukin alþjóðasamskipti, flóknari reglur og útrás íslenskra fyrirtækja hefur leitt til þess að mikil eftirspurn er eftir fólki með menntun af þessum toga.** Með kennslunni í HR er reynt að mæta þessum þörfum á lífandi og áhugaverðan hátt fyrir nemendur.“

Jóhannes Sigurðsson, forstöðumaður
Rannsóknarstofnunar í fjármálaþjónustu.

Rannsóknarstofnanir lagadeildar HR

Við lagadeild HR eru starfræktar þrjár rannsóknarstofnanir og Miðstöð Evrópuupplýsinga. Nemendum gefst kostur á að starfa við þessar stofnanir, m.a. í tengslum við rannsóknarverkefni kennara og eigin rannsóknarverkefni.

EVROPURÉTTARSTOFNUN HR

Evrópuréttarstofnun HR (EHR) var stofnuð haustið 2002. Markmið EHR er að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og Evrópumála, einkum með þátttöku nemenda í rannsóknarvinnu við stofnunina. EHR veitir því nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstöðu til eigin rannsókna.

MIÐSTÖÐ EVRÓPUUPPLÝSINGA

Miðstöð Evrópuupplýsinga (European Documentation Centre - EDC) tók til starfa í Háskólanum í Reykjavík í ágúst 2003 á grundvelli samnings lagadeildar HR og Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta er ein af 500 upplýsingamiðstöðvum sinnar tegundar í Evrópu og sú eina á Íslandi. Hlutverk EDC er að styðja við og efla háskólanám, kennslu og rannsóknir sem tengjast málefnum Evrópu, auk þess að vera upphafspunktur upplýsingaleitar um Evrópusambandið, en í miðstöðinni er m.a. að finna opinberar útgáfur og gögn stofnana Evrópusambandsins.

RANNSÓKNARSTOFNUN HR Í FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

Markmið Rannsóknarstofnunar í fjármálaþjónustu er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar um slíka þjónustu, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í fjármálaþjónusturétti, auka samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og annars fræðsluefnis, auk þess að veita fræðslu og ráðgjöf um fjármálaþjónustulöggjöf.

RANNSÓKNARSTOFNUN Í AUÐLINDARÉTTI

Rannsóknarstofnun í auðlindarétti var stofnuð haustið 2003. Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg at-riði á því sviði.



Sigurður Tómasson kennari leiðbeinir nemendum í Héraðsdómi Reykjavíkur.



„Eftir að hafa stundað nám við lagadeild HR í tvær annir var ég ráðinn um þriggja mánaða skeið til starfa hjá rannsóknarstofnun lagadeildar á sviði fjármálaréttar. Fjármálaréttarstofnun var þá að hefja starfsemi sína og **í starfi mínu fólst undirbúningsvinna fyrir gagnagrunn með dómum Hæstaréttar Íslands, Evrópudómstólsins og fræðiritum sem tengjast fjármálarétti.** Í þessari vinnu lærði ég að temja mér vönduð vinnubrögð við lestur og reifun dóma og **notkun alþjóðlegra lögfræðigagnagrunna undir leiðsögn prófessorins í fjármálarétti.** Þessi vinna og sú þjálfun sem ég fékk hefur þegar nýst mér í náminu og mun án efa gera það enn frekar þegar fram líða stundir.“

Steinn Finnbogason, laganemi á 2. ári.
Stúdent frá Fjölbrotaskólanum við Ármúla.



„Í þeim greinum lögfræðinnar **sem snúa að fyrirtækjum er lögd áhersla á að rannsóknir og skipulag námskeiða séu í takt við þróun laga- og rekstrarumhverfis þeirra.** Þar skipta tengsl og samvinna við fyrirtæki, stjórnvöld og hagsmunasamtök miklu máli sem m.a. veita nemendum innsýn í atvinnulífið og tækifæri til að vinna að verkefnum í samstarfi við þau. Þverfaglegt samstarf við aðrar deildir skólans fer vaxandi og í því felast nýir möguleikar fyrir nemendur og starfsmenn. Aukin þátttaka erlendra gestakennara í námskeiðum deildarinnar er einnig til þess fallin að auka þekkingu og víðsýni á einstökum réttarsviðum.“

Áslaug Björgvinsdóttir,
dósent við lagadeild HR.

LAGAÐEILD

Ferð laganema til Brussel

Evrópuréttur er eitt af kjarnafögum lagadeildar Háskólans í Reykjavík og í skólanum er starfrækt Evrópuréttarstofnun HR. Á hverju ári fara þátttakendur í Evrópurétti í námsferð til Brussel, þar sem heimsóttar eru stofnanir Evrópusambandsins, EFTA, Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Starfsmenn þessara stofnana, erlendir fræðimenn og fulltrúar hagsmunasamtaka flytja fyrirlestira auk þess sem alþjóðlegar lögmansstofur eru heim-

sóttar. Markmiðið með ferðinni er að veita gagnrýna innsýn í Evrópurétt og kynnast af eigin raun samskiptum Íslands við Evrópusambandið. Alþjóðleg samskipti skipa sífellt stærri sess í störfum íslenskra lögfræðinga, m.a. vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Í námi við lagadeild HR er lögð rík áhersla á að undirbúa nemendur fyrir störf í alþjóðlegu umhverfi.



Raunhæf verkefni og valnámskeið

Strax á fyrsta ári taka laganemar þátt í nýsköpunar námskeiði sem heitir Stofnun fyrirtækja. Námskeiðið er einnig skyldunámskeið í Viðskiptadeild HR og valnám-



Á myndinni taka laganemarnir Jason Guðmundsson og Hannes Ingi Guðmundsson við verðlaunum úr hendi Halldórs Guðbjarnarsonar, framkvæmdastjóra Visa.

skeið í öðrum deildum skólans. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri að stofna fyrirtæki á grundvelli viðskiptahugmynda og viðskiptaáætlana sem þeir hafa sjálfir tekið þátt í að þróa. Árið 2004 hlaut viðskiptahugmyndin Lambinn - steikhús frumkvöðlaverðlaun HR og Vísa. Um er að ræða hugmynd um að opna steikhús í sveitastíl við „Gullna hringinn“. Námskeiðið og verðlaunin eru sniðin til að hvetja nemendur til nýsköpunar og opna þeim sýn inn í heim fjármála og viðskipta.

Á vorönn á 2. ári er námskeið sem leiðir nemendur í gegnum gerð flókinnna viðskiptasamninga og málarekstur. Námskeiðið byggir á úrlausn raunhæfra verkefna og tvinnar saman nokkrar af megingreinum lögfræðinnar.

Á vorönn á 3. ári gefa valnámskeið nemendum kost á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar. Ennfremur gefst þeim kostur á að velja námskeið á öðrum sviðum innan annarra háskóladeilda hér á landi eða erlendis.

GRUNNNÁM

(90 EININGAR, 3 ÁR)

1. ár	1. önn (haust)	Aðferðafræði Kröfuréttur Stjórnskipunarréttur Bókhald og greining ársreikninga
	2. önn (vor)	Eignaréttur Félagaréttur Samningaréttur Stofnun fyrirtækja
2. ár	3. önn (haust)	Hugverkaréttur Réttarfar Samkeppnisréttur Skaðabótaréttur
	4. önn (vor)	Evrópuréttur Refsiréttur Stjórnsýsluréttur Raunhæft verkefni
3. ár	5. önn (haust)	Fjölskyldu- og erfðaréttur Skattaréttur Verðbréfamarkaðsréttur Þjóðaréttur
	6. önn (vor)	Á lokaönn í grunnnámi gefst nemendum kostur á að velja fimm valgreinar í lögfræði. Eftirtaldar valgreinar eru í boði: Enskt lagamál Fjármálafyrirtæki og Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu Fjármagnsfélög - Hlutafélagaréttur Fullnusturéttur Kauparéttur Opinbert réttarfar Upplýsingatækniréttur Vinnuréttur BA ritgerð getur komið í stað tveggja valgreina. Nemendum er heimilt að fengnu samþykki lagadeildarinnar að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra háskóla, innlendra og erlendra, í stað einnar eða fleiri ofangreindra valgreina.

MEISTARANÁM

(60 EININGAR, 2 ÁR)

SKIPULAG MEISTARANÁMSINS

Öllum nemendum í meistaranámi er skylt að ljúka þriggja eininga námskeiði um lagakenningar og vísindalega aðferðafræði og skrifa 15 eða 30 eininga meistaraþrófsritgerð.

Að öðru leyti ákveður nemandi sjálfur samsetningu meistaranámsins.

Eftirtaldir námsþættir geta skilað nemendum námsein-ingum í meistaranáminu:

- Þátttaka í hefðbundnum námskeiðum (kjörgreinum) við lagadeild HR.
- Nám við erlenda háskóla.
- Málstofur sem m.a. tengjast rannsóknarverkefnum kennara.
- Starfsnám sem skipulagt verður í samvinnu deildarinnar annars vegar og stofnana og fyrirtækja hins vegar.
- Nám í öðrum greinum en lögfræði.
- Meistaraþrófsritgerð.

Auk þess er gert ráð fyrir að stúdent geti að ákveðnu marki stundað nám í öðrum háskólagreinum en lögfræði og fengið það metið til eininga í meistaranámi.

Frekari upplýsingar um skipulag námsins og einstök námskeið er að finna í kennsluskrá meistaranámsins 2005-2007 sem er aðgengileg á heimasíðu lagadeildar www.ru.is/lagadeild



„Ég mæli hiklaust með laganámi við HR fyrir þá sem vilja áhugavert og krefjandi nám. **Helsti kostur lagadeildar HR er að hér er ekkert gert með hálfum huga.** Það sem ég met mest við námið í HR er nálægðin. Laganám við HR hefur staðist allar mínar væntingar og gott betur.“

Ásgeir Helgi Reykfyrd Gylfason, laganemi á 2. ári, stúdent frá Fjölbrautaskólanum á Akranesi.

KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD

Ný metnaðarfull sýn á menntun í lýðheilsu og stærðfræði

Kennslufræði- og lýðheilsudeild tekur til starfa við Háskólann í Reykjavík í haust. Stofnun deildarinnar opnar nýja, metnaðarfulla sýn á menntun kennara og annars fagfólks, sem sinnir þekkingu og þroska barna og ungmenna.

Nýja deildin býður upp á ferns konar námsmöguleika. Í fyrsta lagi meistaranám fyrir verðandi kennara sem vilja verða framúrskarandi í kennslu stærðfræði og raungreina. Í öðru lagi meistaranám í lýðheilsufræðum, fyrir fólk sem vill vinna að stjórnun og stefnumótun innan stofnana og fyrirtækja, sem hafa með málefni barna og ungmenna að gera svo og þeim sem hyggjast vinna með börnum og ungmennum í skipulögðu starfi á vettvangi. Í þriðja lagi meistaranám fyrir verðandi kennara, sem vilja leggja áherslu á lýðheilsu í starfi sínu

Boðið verður upp á námsgráðurnar:

- M.Ed. í stærðfræði og kennslufræðum
- M.P.H. í lýðheilsufræðum
- M.Ed. í lýðheilsu- og kennslufræðum
- B.Ed. í íþróttufræðum

Deildin hefur verið mótuð og skipulögð af miklum metnaði í samstarfi við virta bandaríska háskóla í fremstu röð á sviði kennaramenntunar og lýðheilsu: Columbia háskóla í New York og Penn State háskóla í Pennsylvaníu. Prófessorar frá þessum háskólum, í lýðheilsufræðum, kennslufræðum og stærðfræðimenntun, verða meðal þeirra sem kenna við deildina næsta vetur.



innan skóla. Slíkir kennarar verða til að mynda mjög hæfir í að greina þá nemendur sem eru í áhættu varðandi andlega vanlíðan eða frávíkshæðun. Í fjórða lagi verður boðið upp á grunnám fyrir verðandi íþróttakennara, þar sem lögð verður áhersla á íþróttir sem mikilvægan þátt í forvarnarstarfi.

NÁM FYRIR BREIDAN HÓP FAGFÓLKS

Við deildina bjóðast því nýir og spennandi námsmöguleikar fyrir breiðan hóp fagfólks, sem vinnur að því að mennta börn og unglínga, efla þroska þeirra, heilsu og velferð. Náminu er ætlað að höfða bæði til þeirra sem vilja afla sér kennsluréttinda og vinna innan skólakerfisins og til þeirra sem vilja vinna að velferð barna og ungmenna í samfélaginu, svo sem í félags- og heilbrigðisþjónustu.

Framtíðarsýn deildarinnar er sú að verða framúrskarandi kennslu- og rannsóknarsetur þar sem nemendur hljóta fyrsta flokks fagmenntun. Áhersla verður lögð á rannsóknarmiðað nám. Nemendur vinna raunhæf og krefjandi verkefni og hljóta jafnframt þjálfun til forystu og stjórnunar á sviði kennslu og lýðheilsu.

ÖFLUGT STARFSNÁM

Hluti námsins er skipulagður í öflugum starfsnámi, þar sem nemendum býðst að kenna við valda grunn- og framhaldsskóla, undir leiðsögn leiðbeinanda frá HR í samstarfi við reynda kennara í viðkomandi skólum. Þá gefst nemendum kostur á að vinna verkefni í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir, aðrar deildir HR og erlenda háskóla.

Frá upphafi hefur Háskólinn í Reykjavík laðað til sín frábæra nemendur. Nú er hann að opna nýja deild sem á að mennta ungt fólk til þess að kenna stærðfræði og lýðheilsu. Þannig ætlar skólinn að tryggja sér enn betri og heilbrigðari nemendur í framtíðinni. Svona fer skólinn að því að bjóða samfélaginu um leið og hann bætir sjálfan sig. Í menntakerfinu getur gott fólk af sér enn betra fólk. Til hamingju, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kári Stefánsson,
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD



FRÁ FORSETA KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILDAR

Við kennslufræði- og lýðheilsudeild verður lögð áhersla á fyrsta flokks fagþekkingu og færni til að veita nemendum bestu menntun á völdum sviðum. Við leggjum umtalsverða áherslu á rannsóknir og stefnum að því að deildin verði þar í fremstu röð í heiminum.

Nýja deildin verður í samstarfi við bestu erlenda háskóla á sviði kennslufræða og lýðheilsu, þar á meðal Columbia háskóla og Penn State háskóla í Bandaríkjunum. Nemendur okkar geta sótt hluta náms síns við þessa skóla og kennarar frá þeim munu kenna við nýju deildina.

Kennarar deildarinnar verða fengnir úr hópi þeirra sem standa framarlega á alþjóðavettvangi á fagsviði sínu, auk þess að vera framúrskarandi kennarar.

Boðið verður upp á meistaranám á tveimur sviðum, annars vegar á sviði stærðfræði og raungreinakennslu, og hins vegar á lýðheilsusviði. Þá verður boðið upp á grunnám í íþróttufræðum fyrir verðandi íþróttakennara.

Öll vitum við að stærðfræðin leggur grunninn að starfi á fjölmörgum sviðum vísinda, viðskipta og tækni. Við vitum einnig að samkeppnishæfni okkar verður ekki aukin, nema þekking okkar á sviði stærðfræði og raungreina verði eflid. Þessu ætlum við að koma í kring. Kennarar útskrifaðir frá deildinni eiga að verða leiðandi á sviði stærðfræðikennslu. Þeir munu gera íslenskum börnum kleift að standa fremst meðal jafningja og vera stolt af árangri sínum.

Á sama tíma og við viljum efla þekkingu barna og ungmenna, og sjá til þess að þau standi sig vel, viljum við bæta líf þeirra og heilsu. Það munum við gera með því að bjóða upp á nám á lýðheilsusviði og grunnám á sviði íþróttufræða.

Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir.

Lögð verður áhersla á þverfaglegt samstarf utan og innan Háskólans. Leitast verður við að nýta þekkingu á öðrum sviðum í HR, bæði hvað snertir kennslu og rannsóknir. Kennarar úr öðrum deildum skólans munu taka þátt í kennslunni og nemendur geta tekið námskeið við aðrar deildir skólans.

STÆRÐFRÆÐI- OG RAUNGREINASVIÐ

Þekking og kunnátta í stærðfræði og raungreinum er undirstaða efnahagslegra framfara og samkeppnishæfni þjóða. Markmið nýju deildarinnar er að bjóða nemendum upp á traust fagnám á sviði stærðfræði/raungreina og kennslufræði auk þjálfunar í að efla þekkingu og færni nemenda þeirra.

Boðið verður upp á námsgráðuna M.Ed. (Master of Education) á sviði stærðfræði og kennslufræði. Gráðan veitir lögvernduð réttindi til að starfa sem kennari innan grunn- og framhaldsskóla á Íslandi. Kennarar útskrifaðir af stærðfræði- og raungreinasviði munu búa að góðri fagmenntun sem er sérsniðin að þörfum þeirra sem kennara. Þeir munu geta tekist á við margbreytileg viðfangsefni á sviði stærðfræði og raungreina. Þeir geta að sama skapi orðið leiðandi í þróun kennslu og í námsefnisgerð.

LÝÐHEILSUSVIÐ

Á undanförunum áratugum hafa félags- og menningarlegar breytingar haft áhrif á líf fólks með ýmsum hætti. Margar þessara breytinga eru mjög jákvæðar. Þeim fylgja tækifæri, frelsi og jafnrétti. Að sama skapi hafa fjölmargar rannsóknir sýnt fram á að örar þjóðfélagsbreytingar koma oft niður á félagslegri einingu samfélagsins sem endurspeglast í almennri líðan og hegðun barna og ungmenna. Á lýðheilsusviði verður boðið upp á menntun fyrir þá sem hyggjast vinna að fræðslu og stuðningi við börn og ungmenni í samfélaginu eða hafa áhrif á aðstæður þeirra og umhverfi í gegnum skipulag, stefnumótun og stjórnun.

Á lýðheilsusviði verður boðið upp á tvær námsgráður: M.P.H. í lýðheilsufræðum og M.Ed. í lýðheilsu- og kennslufræðum. M.P.H. gráða í lýðheilsufræðum opnar t.a.m. möguleika á að vinna að skipulagi og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu á vettvangi sveitarstjórna, heilbrigðis- og félagsþjónustu sem og í skólum. Jafnframt veitir námið góða innsýn í stjórnun og stefnumótun lýðheilsu, rannsóknir og mat á árangri verkefna með áherslu á þætti sem hafa áhrif á heilsu og lífsgæði barna og ungmenna.

M.Ed. gráða í lýðheilsu- og kennslufræðum veitir lögvernduð réttindi til að starfa sem kennari innan grunn- og framhaldsskóla á Íslandi þar sem sérstök áhersla er lögð á þætti sem hafa áhrif á heilsu og velferð barna og ungmenna. Námið er rannsóknamiðað og byggt á gagnreyndum aðferðum lýðheilsu. Verkefnavinna og námsmat byggist á raunhæfum verkefnum og vísindalegum aðferðum. Rannsóknarverkefni til lokaprófs eru unnin í samvinnu við leiðbeinendur og efni þeirra tengjast ýmsum greinum lýðheilsu með áherslu á velferð og heilsu barna og ungmenna. Gert er ráð fyrir að rannsóknarskýrslan sé hæf til birtingar sem vísindagrein. Við kennslu og verkefnavinnu er lögð áhersla á samstarf við innlenda og erlenda samstarfsaðila.

ÍÞRÓTTAFRÆÐISVIÐ

Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda heldur einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Rannsóknir hafa leitt í ljós að aukin þjálfun í hreyfifærni og aukið hreyfinám getur flýtt fyrir þroska á öðrum námssviðum. Kennslu- og aðferðafræði



„Félagsleg, menningarleg og tæknileg þróun síðustu ára hefur haft veruleg og margþætt áhrif á líf okkar. Margar jákvæðar breytingar hafa fylgt þessari þróun, sem og tækifæri, frelsi og jafnrétti sem við bjuggum ekki við áður. En að sama skapi hafa ítarlegar rannsóknir sýnt að örar þjóðfélagsbreytingar koma gjarnan niður á velferð barna og unglinga, og geta valdið andlegri og líkamlegri vanlíðan. Það er **rík ástæða til að fagna tilkomu lýðheilsunámsins, því hlutverk þeirra sem sinna menntun og uppeldi barna utan heimilanna hefur aldrei verið jafn mikilvægt.** Traust fagleg þekking á velferð og aðstæðum barna og unglinga og árangursríkum leiðum til að styðja umhverfi þeirra er ein af meginforsendum fyrir jákvæðum þroska þeirra.“

Dr. Guðjón Magnússon, framkvæmdastjóri hjá Evrópuskrifstofu WHO.

íþróttá, líkams- og heilsuræktar snýst í aðalatriðum um að koma til móts við þarfir nemenda sem eru að vaxa úr grasi á viðkvæmu en síbreytilegu vaxtarskeiði. Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að þátttaka í íþróttum hefur jákvæð áhrif á námsárangur og eykur metnað nemenda. Einnig hafa rannsóknir sýnt að íþróttaiðkun styrkir sjálfsvirðingu og jákvæða líkamsímynd, og vinnur gegn þunglyndi og kvíða.



„Markmiðið er að mennta stærðfræðikennara fyrir grunn- og framhaldsskóla með mikla færni og þekkingu í faginu og hæfileika til að miðla henni til nemenda. Einnig á námið að vera góður undirbúningur fyrir ýmis önnur störf. Stærðfræðinámið mun að mestu byggjast á verkefnavinnu nemendanna þar sem þeir njóta stöðugrar leiðsagnar kennara.“

Farið verður yfir allar helstu greinar nútímastærðfræði, en námsefnið miðað við þarfir verðandi kennara. Þannig verður lögð meiri áhersla á að nemendur öðlist gott vald á grundvallaratriðum og þjálfun í lausn stórra viðfangsefna en að fara yfir mikið efni. Gerðar verða miklar kröfur til nemenda, en séð til þess að sérhver nemandi fái þá aðstoð sem þarf til að standa undir þeim.

Mikill sveigjanleiki verður í vali námskeiða, þannig að nemendur með ólíkan bakgrunn hafi sem mest gagn af náminu. Þannig geta nemendur með kennarapróf einbeitt sér að stærðfræði, raungreinum og valgreinum úr öðrum deildum skólans, og nemendur með BS/BA-próf geta tekið næga kennslu- og uppeldisfræði til að öðlast kennararéttindi.

Kennarar deildarinnar verða virkir vísindamenn á alþjóðavettvangi, sem leggja mikinn metnað í árangursríka kennslu. Nemendum mun bjóðast að taka þátt í vinnunni við stærðfræðiátak HR og kemur það til lækkunar skólagjalda.“

Dr. Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði við kennslufræðideild HR.

KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD



„Uppeldislegt og heilsusamlegt gildi ípróttu er óumdeilt. **Markvisst ípróttu- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu barna og ungmenna, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan.** Háskólinn í Reykjavík hefur náð frábærum árangri í skipulagningu náms á háskólastigi og ég fagna því alveg sérstaklega að HR bjóði nú, í samstarfi við Ípróttakademíuna í Reykjanesbæ, upp á nýtt og metnaðarfullt nám fyrir verðandi ípróttfræðinga. Ég er sannfærður um að með tilkomu slíks náms verður **mikil framþróun á sviði ípróttakennslu, þjálfunar og lýðheilsu** sem ípróttahreyfingin, svo og almenningur allur, nýtur góðs af.“

Geir Sveinsson, framkvæmdastjóri Ípróttakademíunnar.



„With today's rapidly changing technology and increasing globalization, **educators are charged with a paradoxical and enormous challenge to prepare our children for a world we cannot yet envision. This task will require dramatic broadening of the concept of education:** A social change towards empowering individual students to learn how to learn, and to cultivate in them, from an early age, an innovative spirit. Reykjavik University's 3 year community-wide math initiative is an exciting step in this direction.“

Lani Yamamoto, stærðfræðiáttakinn Stærðfræði er skemmtileg.

Á ípróttfræðisviði verður boðið upp á námsgráðuna B.Ed. í ípróttfræðum. Markmið kennslu í ípróttfræði við kennslufræðideild HR er að undirbúa verðandi ípróttfræðinga sem best undir störf er lúta að ráðgjöf, kennslu, þjálfun og stjórnun á fjölmörgum sviðum ípróttu, líkams- og heilsuræktar. Háskólinn í Reykjavík og Ípróttakademían í Reykjanesbæ hafa gert með sér samstarfssamning um kennsluna í ípróttfræðum og mun hún að mestu leyti fara fram í glæsilegu húsnæði ÍAK í Reykjanesbæ.

Vaxandi kröfur um fagmennsku eru gerðar til þeirra sem annast kennslu og þjálfun barna og ungmenna. Háskólinn í Reykjavík vill taka þátt í og hafa áhrif á með hvaða hætti þessum kröfum er mætt. Það gerir hann með því að bjóða framúrskarandi nám í ípróttfræðum.

RANNSÓKNARTENGT NÁM

Við deildina verða stundaðar rannsóknir á menntun, högum og líðan barna og unglunga. Má þar nefna rannsóknir á námsárangri nemenda, þ.m.t. rannsóknir á kynjamuni í námsárangri og rannsóknir á félagsauði í tengslum við námsárangur barna. Þá verða stundaðar rannsóknir á andlegri líðan barna og ungmenna. Jafnframt verða stundaðar rannsóknir á hlut þekkingar og vísinda í íslensku samfélagi. Rannsóknir deildarinnar verða þverfaglegar. Þannig verður leitast við að virkja samstarf við rannsóknarfólk í öðrum deildum skólans. Í rannsóknarsetri deildarinnar hafa kennarar og nemendur aðgang að stórum gagnagrunni sem byggður hefur verið upp á undanförunum árum og hefur að geyma upplýsingar um fjölmarga þætti er varða ungt fólk á Íslandi. Þar á meðal er um að ræða viðamiklar upplýsingar um námsárangur barna og ungmenna, líðan í skóla og aðra námstengda þætti, svo og upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast lýðheilsu í víðu samhengi.

STÆRÐFRÆÐIÁTTAK MEÐAL ÞJÓÐARINNAR

Í tengslum við stofnun hinnar nýju deildar er verið að hrinda af stað átaki á sviði stærðfræði sem ber vinnuheitid Stærðfræði er skemmtileg. Boðið verður upp á námskeið í stærðfræði, bæði fyrir skólabörn og almenning. Einnig munum við vinna með og styðja ýmsa aðila utan skólans sem fást við stærðfræðimenntun sem og efna til stærðfræðikeppni meðal skólabarna.

Hugmyndin að baki þessu stærðfræðiátaki er að taka þátt í og virkja þá hreyfingu sem risið hefur upp á síðustu árum meðal almennings í landinu um mikilvægi góðrar stærðfræðikennslu í skólum landsins og þýðingu hennar fyrir þjóðfélagið allt.

NÁM Í KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD

M.ED. Á STÆRÐFRÆÐI-RAUNGREINASVIÐI:

Um er að ræða 60 eininga nám þar sem boðið verður upp á: 30 einingar á stærðfræði-raungreinasviði
Allt að 30 einingar í kennslufræði
Allt að 30 einingar í vali í ýmsum deildum skólans

Námskeið á stærðfræðisviði:

Inngangur að stærðfræði
Strjál stærðfræði
Algebra og talnafræði
Stærðfræðigreining
Línuleg algebra og rúmfræði
Forritun
Prautalausnir

Dæmi um valnámskeið:

Netafræði
Bestunarfræði
Tölvunarfræði
Eðlisfræði
Efnafraði

Námskeið á sviði kennslufræði:

Kennslufræði stærðfræði og raungreina
Árangursríkir kennsluhættir - helstu kenningar og aðferðir
Hagnýt atferlisgreining og bekkjarstjórnun
Menntun og samfélag
Fjarkennsla, dreifmennt og upplýsingatækni við kennslu
Markviss vinnubrögð og lausnamiðuð leikni (problem solving)
Þjálfun í árangursríkum kennsluháttum (vettvangsnám)
Mat í skólastarfi - námsskráfræði
Náms- og þroskasálfræði
Stjórnun og stefnumótun

M.P.H Á LÝÐHEILSUSVIÐI (MASTER OF PUBLIC HEALTH):

Um er að ræða 60 eininga nám sem skiptist í: 30 einingar á sviði lýðheilsu
15 eininga valnámskeið sem tengjast lýðheilsu hjá HR eða öðrum háskólum (s.s. Columbia University)
15-30 eininga rannsóknarverkefni á sviði lýðheilsu

Námskeið á lýðheilsusviði:

Inngangur að lýðheilsufræðum og aðferðum lýðheilsunnar
Velferð barna og unglunga
Faraldsfræði og tölfraði lífvísinda
Áhrifaþættir heilbrigðis
Stefnumótun og stjórnun í lýðheilsu
Skipulag aðgerða og þróun úrræða
Heilsuhagfræði, upplýsingatækni, heilbrigðismat
Megindlegar rannsóknaraðferðir
Eigindlegar rannsóknaraðferðir
Rannsóknarverkefni; ritun fræðigreina

M.ED. Í LÝÐHEILSU- OG KENNSLUFRÆÐUM

(MASTER OF EDUCATION):

Um er að ræða 60 eininga nám sem skiptist í: 30 einingar á sviði lýðheilsu
30 einingar í kennslufræði

Námskeið á lýðheilsusviði:

Inngangur að lýðheilsufræðum og aðferðum lýðheilsunnar
Velferð barna og unglunga
Faraldsfræði og tölfraði lífvísinda
Áhrifaþættir heilbrigðis
Stefnumótun og stjórnun í lýðheilsu
Skipulag aðgerða og þróun úrræða
Heilsuhagfræði, upplýsingatækni, heilbrigðismat

Námskeið á sviði kennslufræði:

Árangursríkir kennsluhættir - helstu kenningar og aðferðir
Hagnýt atferlisgreining og bekkjarstjórnun
Menntun og samfélag
Fjarkennsla, dreifmennt og upplýsingatækni við kennslu
Markviss vinnubrögð og lausnamiðuð leikni (problem solving)
Þjálfun í árangursríkum kennsluháttum (vettvangsnám)
Mat í skólastarfi - námsskráfræði
Náms- og þroskasálfræði

B.ED. Í ÍPRÓTTAFRÆÐI (BACHELOR OF EDUCATION):

Um er að ræða 90 eininga nám þar sem boðið verður upp á: 30 einingar á ípróttasviði
30 einingar í kennslufræði
30 einingar á þriðja ári, val um þrjár brautir: Stjórnun og rekstur / Lýðheilsa / Þjálfun

Námskeið á ípróttasviði:

Ípróttir, samfélag og heilsa
Lífisfræði
Þjálfunarfræði
Næring, árangur og afköst
Líkams- og hreyfifroski
Ípróttasálfræði
Ípróttagreinar

Námskeið á sviði kennslufræði:

Kennslu- og uppeldisfræði
Árangursríkir kennsluhættir
Náms- og þroskasálfræði
Leiðsögn og stjórnun, framkoma, tjáning og kynningar
Markviss vinnubrögð og lausnamiðuð leikni
Þjálfun í árangursríkum kennsluháttum, vettvangsnám

Dæmi um valnámskeið á þriðja ári:

Gildi ípróttu og tómstunda sem forvarna
Ípróttu- og leikgreining, árangursmælingar
Inngangur að lýðheilsufræðum
Leiðtogafræði og forysta
Lífsleikni og lífsgæði
Ípróttafélagsfræði

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD



Metnaðarfullt nám í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði

Tækni- og verkfræðideild er stærsta deild Háskólans í Reykjavík. Helsta hlutverk hennar er að veita afburða háskólamenntun fyrir tæknifólk og stjórnendur framtíðar, stunda öflugar rannsóknir og sinna nýsköpunar- og þróunarstörfum í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði. Að auki býður tækni- og verkfræðideild upp á fjölbreytta möguleika á sámenntun á fagsviðum hennar.

DEILDIN SKIPTIST Í SJÖ FAGSVIÐ:

Byggingar- og véltæknisvið, fjármála- og rekstrarsvið, heilbrigðistæknisvið, iðnaðar- og rafmagnssvið, tölvunarfræðisvið, frumgreinasvið og símenntunarsvið.

Sú stefna hefur verið tekin upp við skipulag deildarinnar að byggja upp tæknifræði og verkfræði sem sjálfstæðar greinar.

Með því móti er tryggt að sérkenni þessara tveggja greina haldist, samtímis því að boðið er upp á framhaldsnám í samræmi við vaxandi kröfur um aukna sérhæfingu innan hvorrar greinar um sig. Tölvunarfræðin heldur einnig sérstöðu sinni og breidd innan deildarinnar.

Rannsóknir eru mikilvægur þáttur í starfsemi deildarinnar sem undirstaða kennslu og til sjálfstæðrar þekkingarleitar. Fyrir atvinnulífið eru rannsóknir forsenda áframhaldandi uppbyggingar hátækni, og nauðsynlegar til að tryggja að íslensk fyrirtæki hafi yfir að ráða nýjustu tækni, bestu aðferðum og hæfum sérfræðingum. Rannsóknarstarf í tækni- og verkfræðideild er unnið í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir hér á landi og erlendis.



FRÁ FORSETA TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR

Nám í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði er verðmætt veganesti þeirra sem vilja starfa í fremstu víglínu tækni og viðskipta í alþjóðlegu umhverfi. Námsbrautir tækni- og verkfræðideildar eru fjölmargar og ættu því flestir nemendur að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem hugur þeirra stefnir á hátæknifyrirtæki, fjármálaarkað, byggingariðnað, rekstur og stjórnun eða til frekara náms.

Aðhald, eftirfylgni og aðstoð við nemendur er rauður þráður

í þjónustu tækni- og verkfræðideildar. Fjöldi nemenda í fyrirllesturum er takmarkaður og nemendur vinna verkefni í smærri hópum undir leiðsögn kennara og sérfræðinga. Heimsóknir erlendra fyrirlesara eru algengar og ýtt er undir virka þátttöku nemenda í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Sérstök áhersla er lögð á að nýta bestu aðferðir við kennslu, og vaxandi möguleikar eru á sveigjanleika í námi. Að námi loknu heldur tækni- og verkfræðideild áfram að vera samstarfsaðili fyrrum nemenda þannig að þeir geti viðhaldið og bætt við þekkingu sína.

Traust undirstaða, víðtæk fagleg þekking og nán tengsl við atvinnulífið eru kennimerki náms í tækni- og verkfræðideild.

Fjölmörg dæmi má nefna um aukið vægi hátækni í þjóðfélaginu og góðan árangur fyrirtækja á borð við Actavis, Marel, Med-care Flögu, TölvuMyndir, Kögun, Össur og fjármálafyrirtæki á alþjóðamarkaði. Tækni- og verkfræðideild mun þjóna atvinnulífinu og styðja við þá jákvæðu þróun sem orðið hefur í nýsköpun, tækniþróun og alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja. Við viljum að nemendur okkar fái sem besta menntun og ljúki námi með brennandi áhuga á því að stofna ný fyrirtæki eða starfa í þeim sem fyrir eru hér á landi og erlendis.

Dr. Bjarki A. Brynjarsson.

Raunhæf verkefni, nálægð við atvinnulífið, og fjölbreytileiki eru þau atriði sem koma fyrst upp í huga þegar ég er spurður um námið. Nemendur hafa aðgang að skólanum allan sólahringinn og alltaf stutt í næsta kennara ef eitthvað vefst fyrir manni. Þetta er **krefjandi nám** sem kallar á skipulögð og öguð vinnubrögð og er **gott veganesti** út í atvinnulífið.

Þorvaldur Einarsson,
nemandi í byggingartæknifræði við THÍ.

VERKFRÆÐI

Sterk fræðileg undirstaða og sérhæfð fagþekking

Tækni- og verkfræðideild HR býður upp á nám í verkfræði til BSc- og MSc-gráðu í fimm mikilvægum greinum: fjármála- verkfræði, heilbrigðisverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, iðnaðarverkfræði og rekstrarverkfræði. Atvinnumöguleikar verkfræðinga eru mjög góðir og mikil eftirspurn eftir fólki með þessa menntun, sem og aðra tæknimenntun, bæði hér á landi og erlendis.



Námið byggir á því að veita nemendum sterka fræðilega undirstöðu í bland við sérhæfða fagþekkingu. Sérstaða verkfræðinga er mikil greiningarhæfni og þekking til að fást við krefjandi viðfangsefni, hvort sem þau eru hagnýt eða fræðileg. Að námi loknu eru nemendur vel undirbúnir til þátttöku í atvinnulífnum eða til frekara náms. Við uppbyggingu og högun námsins er gert ráð fyrir þátttöku nemenda í umfangsmiklum verkefnum í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Til að geta hafið nám í verkfræði þarf haldgóða þekkingu í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku. Til leiðbeiningar er æskilegt að nemandi hafi lokið a.m.k. 21 einingu í stærðfræði og 6 einingum í eðlisfræði. Þeir sem ekki hafa nægan bóklegan undirbúning geta sótt um að bæta við sig á frumgreinasviði tækni- og verkfræðideildar.

FJÁRMÁLAVERKFRÆÐI

Fjármálaverkfræði er spennandi grein sem hefur vaxið ört innan verkfræðinnar í samræmi við stóraukið flækjustig fjármálaarkaða og fjármálaafurða. Markmið námsins er að mennta lykilstarfsmenn fyrirtækja þar sem djúpur skilningur

á fjármálamörkuðum skiptir miklu máli. Í greininni er fengist við tölulega greiningu, tölfræði, aðgerðagreiningu, hermun og bestun, auk hefðbundinna fjármálagreina og viðskiptalögfræði, en fjármálaverkfræðingar beita verkfræðilegum aðferðum til þess að greina, herma og besta fjármálatengd verkefni.

HEILBRIGÐISVERKFRÆÐI

Heilbrigðisverkfræði er nýlegt svið innan verkfræðinnar og það sem hvað mestur vöxtur hefur verið í erlendis á undanförunum árum. Í heilbrigðisverkfræði er fengist við verkefni sem tengjast lækningum, s.s. þróun gerviliða og gervilíffæra, einnig verkefni sem tengjast upplýsingakerfi mannlíkamans, rekstur heilbrigðiskerfa og margvísleg önnur verkefni. Greinin er þverfaglegt fræðisvið sem samþættir verkfræði við grunnþekkingu á mannlíkamanum og skilning á því hvernig hann virkar í heilbrigðu ástandi, í veikindaástandi og við slys.

Kjarni námsins er sá sami og í almennri verkfræði, þ.e. eðlisfræði, stærðfræði, verkfræðilegar undirstöðugreinar, hönnun og rekstur. Við þetta bætist svo lífeðlisfræði, líffærafræði, mælitækni, stoðtækni, myndgerð og heilbrigðisgreinar, auk þess sem rík áhersla er lögð á tölvunotkun. Hórvinna er mikilvægur þáttur í náminu, enda starfa heilbrigðisverkfræðingar iðulega í hópum með læknum, sjúklingum, framleiðslufyrirtækjum og markaðsfólki, og eru gjarnan í hlutverki þess sem brúar bilið á milli þessara aðila. Heilbrigðisverkfræðingar hljóta í náminu m.a. sérstaka þjálfun til þess að geta fært þverfaglega þekkingu úr grunnrannsóknnum inn í sjúkrahús og fyrirtæki.

Námið er tengt inn á raunveruleg verkefni ásamt því að farið er á vinnustaði og gerðar rannsóknir. Það gerir námið áþreifanlegt og skemmtilegt. Samheldni nemenda er mikil þrátt fyrir dreifðan aldur. Aðgengi okkar nemenda að kennurum, gögnum og öllu því sem hjálpar okkur er gott.

Nína Kristmanns,
nemandi í byggingartæknifræði við THÍ.

VERKFRÆÐI

ÍÐNAÐARVERKFRÆÐI

Áherslan í iðnaðarverkfræðináminu í HR er á sjálfvirkni, stýringar, vélmenni, framleiðslutækni, orkutækni og hönnun. Markmiðið er að tvinna saman rafmagns-, tölvu- og véltækni þannig að iðnaðarverkfræðingar hafi góða yfirsýn yfir hönnun og rekstur flókinna véla og kerfa sem byggja á þessum



„Áhersla nýs sameinaðs háskóla THÍ og HR á tækni- og verkfræði er mikið fagnaðarefni fyrir Marel og önnur héraend tæknifyrirtæki. Sérstaklega í ljósi þess hversu mikilvægt er að fjölga tækni- og verkfræðingum hér á landi, eins og kannanir Samtaka iðnaðarins hafa m.a. staðfest. **Ný tækni- og verkfræðideild mun auka fjölbreytni í námsframboði og kennslufyrirkomulagi í þessum greinum á Íslandi** og efla samstarf háskóla við tæknifyrirtæki. Þetta mun án efa hvetja ungt fólk til þess að velja tækni- og verkfræðigreinar í auknum mæli.“

Dr. Hörður Arnarson, forstjóri Marel.



„Heilbrigðistækni er einn helsti vaxtarbroddur hátækninnar í dag, hvað markaðsstærð og fjölda nýjunga varðar, og forsenda verulegs hluta glæsilegra framfara í læknisfræði síðustu ára og áratuga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að hinn nýi sameinaði háskóli stefni að metnaðarfullri námsbraut í heilbrigðisverkfræði. Þar eru mörg tækifæri og eftir miklu að slægjast.“

Dr. Þórður Helgason, forstöðumaður rannsóknar- og þróunarstofu heilbrigðisæknisvið Landspítala Íslands.

tæknigreinum. Í framhaldsnámi sérhæfa iðnaðarverkfræðingar sig í hátæknihönnun eða fjöltækni (e. mechatronics), orkutækni eða framleiðslutækni.

REKSTRARVERKFRÆÐI

Rekstrarverkfræði er þverfaglegt svið þar sem fengist er við rekstur og stjórnun í víðtækri merkingu.

Beitt er verkfræðilegum aðferðum, á borð við aðgerðagreiningu og tölfræði, til greiningar og útfærslu í rekstri og stjórnun. Lögð er áhersla á nýsköpun og nýsköpunarhæfni, alþjóðavíðskipti og nýjustu stjórnunaraðferðir. Auk þess er fengist við fjármál og viðskiptalögfræði.

Markmið rekstrarverkfræðinámsins í tækni- og verkfræðideild er að mennta framtíðarstjórnendur og leiðtoga sem geta tekist á við spennandi nýsköpunarverkefni, alþjóðleg viðskipti og uppbyggingu nýrra tækifæra í atvinnulífinu.

HUGBÚNAÐARVERKFRÆÐI

Hugbúnaðarverkfræði veitir góðan almennan grunn í tölvunarfræði, stærðfræði og verkfræði, jafnframt því að leggja áherslu á formlegar aðferðir við gerð stærri hugbúnaðarkerfa, þ.m.t. verkefna- og gæðastjórnun. Námið veitir því sterkan bakgrunn fyrir þá sem koma til með að byggja og viðhalda stórum og tæknilega flóknum hugbúnaðarkerfum, sér í lagi þar sem gerðar eru miklar kröfur um áreiðanleika.



„Tenging verkfræði- og viðskiptanáms á sviði fjármála er tímabært framfaraskref. **Fjármálaverkfræði er góður kostur fyrir þá sem vilja undirbúa sig undir starf á fjármálamarkaðnum. Áhersla á raungreinar og rökhusun samfara hagnýtum fjármálafræðum** hefur alla möguleika á að reynast góð samsetning.“

Þórarinn Sveinsson, framkvæmdastjóri Eignastýringarsviðs KB Banka.

Tæknifræði og verkfræði - hver er munurinn?

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HEFUR TEKID ÞÁ STEFNU AÐ BYGGJA UPP TÆKNIFRÆÐI OG VERKFRÆÐI SEM SJÁLFTÆÐAR NÁMSBRAUTIR INNAN DEILDARINNAR.

Í tæknifræðinámi til embættisprófs er lögð megináhersla á að nemendur vinni hagnýt, raunhæf verkefni sem byggja á þekkingu kennara úr atvinnulífinu. Langflestir kennaranna hafa mikla starfsreynslu við hönnun, framleiðslu eða framkvæmdir. Nemendur sem stunda nám í tæknifræði eru gjarnan iðnmenntaðir eða hafa verkþekkingu á fagsviðinu, og námið byggir ofan á þann grunn. Nám í tæknifræði er þrjú og hálf ár til embættisprófs og veitir mikil starfsréttindi miðað við lengd námsins. Nemendur útskrifast þannig fullbúnir til þátttöku í atvinnulífinu eftir þriggja og hálfis árs nám, en jafnframt er aðgengilegt að byggja MSc-nám ofan á embættispróf í tæknifræði, hvort heldur hér á landi eða við erlenda skóla.

Í verkfræðinámi til BSc-gráðu er lögð megináhersla á að skapa nemendum traustan fræðilegan grunn til að stunda frekara nám í faggreinum verkfræðinnar til MSc-gráðu. Faggreinar verkfræðinnar eru oft fræðilega krefjandi og því læra verkfræðinemar meira í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði en tæknifræðinemar. Verkfræðingar eru þannig mjög vel undir það búnir að fást við greiningu flókinna kerfa, t.d. burðarvirki, raforkukerfi eða framleiðsluferli, og stunda rannsóknir og önnur fræðilega krefjandi verkefni. Nemendur með BSc-gráðu í verkfræði eiga greiðan aðgang að framhaldsnámi, hvort sem er hér á landi eða erlendis. Embættispróf í verkfræði krefst 5 ára náms sem lýkur með MSc-gráðu.

VERKFRÆÐI

	FJÁRMÁLVERKFRÆÐI	HEILBRIGÐISVERKFRÆÐI	HUGBÚNAÐARVERKFRÆÐI	ÍÐNAÐARVERKFRÆÐI	REKSTRARVERKFRÆÐI	
1. önn	Stærðfræði Eðlisfræði Fjármálaverkfræði Tölvunarfræði Fjármál fyrirtækja	Stærðfræði Eðlisfræði Tölvunarfræði Lífedlisfræði Rafmagnsfræði	Stærðfræði Eðlisfræði Strjál stærðfræði Tölvunarfræði Kerfisgreining	Stærðfræði Eðlisfræði Tölvuteikning Tölvunarfræði Rafmagnsfræði	Stærðfræði Eðlisfræði Rekstrarverkfræði Tölvunarfræði Fjármál fyrirtækja	
2. önn	Stærðfræði Eðlisfræði Hagfræði Tölvunarfræði Kerfisgreining	Stærðfræði Eðlisfræði Lífedlisfræði Greining rása Efnafræði	Stærðfræði Tölvunarfræði Reiknirit Stýrikerfi Verkefnastjórnun	Stærðfræði Véhlutafræði Stafræn tækni Tölvunarfræði Efnafræði	Stærðfræði Eðlisfræði Hagfræði Tölvunarfræði Kerfisgreining	
3. önn	Stærðfræði Tölfræði Fjárstýring Verðbréf Verkefnastjórnun	Stærðfræðilíkon Heilbrigðiseðlisfræði Taugalífedlisfræði Merkjafræði Verkefnastjórnun	Stærðfræði Tölfræði Reiknirit Stýrikerfi Verkefnastjórnun	Stærðfræði Tölvunarfræði Véhlutafræði Merkjafræði Verkefnastjórnun	Stærðfræði Tölfræði Stjórnun Verðbréf Verkefnastjórnun	3 vikur
4. önn	Stærðfræði Aðgerðagreining Tölfræði Stjórnun og nýsköpun Val	Stærðfræði Tölfræði Varma- og rennslisfræði Stjórnun og nýsköpun Val	Strjál stærðfræði Aðgerðagreining Tölvusamskipti Stjórnun og nýsköpun Val	Stærðfræði Reglunarfræði Efnisfræði Stjórnun og nýsköpun Val	Stærðfræði Aðgerðagreining Tölfræði Nýsköpun Val	3 vikur
5. önn	Tímaraðagreining Hermun Afleiður Tryggingastærðfræði Val	Varma- og rennslisfræði Mælitækni og lífsmörk Efnisfræði Reglunarfræði Val	Töluleg greining Forritunarmál Hugbúnaðarfræði Stöðuvélar og reiknanleiki Val	Hönnun Orkutækni Varmafræði Stýritækni og vélmenni Val	Rekstrargreining Hermun Stjórnun Alþjóðavíðskipti Val	3 vikur
6. önn	Lögfræði Áhættustjórnun Ákvarðanatökuaðferðir Hagnýtt verkefni Val	Stöðtæki og gervillmir Læknisfræðileg myndgerð Almannavarnir Hagnýtt verkefni Val	Hugbúnaðarfræði Þýðendur Dreifð kerfi Hagnýtt verkefni Val	Stóriðja Hönnun Umhverfisstjórnun Hagnýtt verkefni Val	Lögfræði Leiðtogaþjálfun Ákvarðanatökuaðferðir Hagnýtt verkefni Val	3 vikur

TÖLVUNARFRÆÐI

Fagsvið í stöðugri framþróun

Boðið er upp á bæði grunn- og framhaldsnám í tölvunarfræði. Tölvunarfræðingar eiga kost á mjög fjölbreytilegum störfum, enda skarast tölvunarfræði við margar greinar, s.s. stærðfræði, sálfræði, verkfræði, lífefnafræði, viðskiptafræði o.fl. Tölvunarfræðingar vinna því gjarnan með fólki sem hefur aðra grein að sérsviði. Mikil eftirspurn er eftir fólki með þessa menntun hér á landi og erlendis. Tölvunarfræðisviðið er í virku alþjóðlegu samstarfi. Erlendir prófessorar kenna talsverðan hluta námskeiða og aðsókn erlendra nemenda sem stunda nám við tölvunarfræðisvið HR er að aukast. Íslenskum nemendum gefst einnig kostur á að stunda hluta námsins við samstarfsskóla HR. Rannsóknir og rannsóknartengt nám (MSc, PhD) fer fram í samstarfi við virta alþjóðlega háskóla og rannsóknarstofnanir.

BSC Í TÖLVUNARFRÆÐI

Grunnnám í tölvunarfræði er þriggja ára (90 eininga) nám til BSc-gráðu. Nemendur velja á milli tveggja kjörsviða: notenda- og kerfishugbúnaðar, en geta að auki útskrifast með val í viðskiptafræði eða aukagrein. Eftir tveggja ára nám býðst nemendum að útskrifast sem kerfisfræðingar.

KJÖRSVIÐ: NOTENDAHUGBÚNAÐUR

Á kjörsviði notendahugbúnaðar er lögd áhersla á að nemendur læri hagnýtar og viðurkenndar aðferðir við gerð notendahugbúnaðar. Nemendur geta valið að taka stærðfræðinámskeið á síðari stigum námsins.

KJÖRSVIÐ: KERFISHUGBÚNAÐUR

Á kjörsviði kerfishugbúnaðar er lögd áhersla á gerð hugbúnaðar fyrir tölvukerfi eins og stýrikerfi, netkerfi, dreifð kerfi og gagnagrunnskerfi. Skyldunámskeið í stærðfræði eru fleiri og nemendur taka þau fyrir í náminu.

VIÐSKIPTAFRÆÐIVAL EÐA AUKAGREIN

Að auki býðst nemendum að útskrifast með val í aukagrein, t.d. viðskiptafræði, en þá eru 5-6 námskeið, t.d. úr viðskipta-deild, tekin sem hluti af tölvunarfræðináminu.

Nemendum gefst kostur á að útskrifast úr tölvunarfræði með aukagrein, t.d. úr raungreinum, listgreinum eða sálfræði. Tónlistarnemandi gæti til að mynda stundað nám við Listaháskóla Íslands samhliða tölvunarfræðináminu. Einnig geta nemendur sem lokið hafa námi eða hluta af námi í annarri fræðigrein hugsanlega fengið það metið sem aukagrein.

KERFISFRÆÐI

Nemendur geta valið að útskrifast sem kerfisfræðingar frá HR eftir 4 annir af kjörsviði notendahugbúnaðar. Útskrifaðir kerfisfræðingar geta sótt um að hefja nám að nýju á 3. ári í þeim tilgangi að ljúka BSc-gráðu.

FJARNÁM OG HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU

Námsefni og námskröfur í fjarnámi, háskólanámi með vinnu (HMV) og staðarnámi eru sambærilegar. Nemendur innritast í kerfisfræði (60 einingar), en geta ákveðið síðar að ljúka BSc-gráðu í staðarnámi. Fyrstu fjórar annir staðarnáms eru í boði í fjarnámi og HMV, og taka nemendur 6-9 einingar á önn. Verulegt námskeið á 1. og 2. önn fer fram í húsnæði HR og tekur 3 vikur.

Í fjarnámi leggur kennari fyrir verkefni, sér um umræðuþræði og er í sambandi við nemendur. Nemendur sækja hljóðfyrirlestira á Netinu. Tvær tveggja daga vinnulotur eru haldnar á hverri önn. Nýnemar hefja fjarnám á haustönn.

HMV, eða háskólanám með vinnu, er byggt upp með námi í skólanum og fjarnámi. Nemendur mæta í dæmatíma tvisvar í viku en sækja hljóðfyrirlestira á vef deildarinnar. Í HMV eru þrjár annir á hverju ári: vorönn, sumarönn og haustönn. Hægt er að klára 60 eininga kerfisfræðipróf á þremur árum. Nýnemar hefja nám við HMV á vorönn.

SÉRSTAÐA TÖLVUNARFRÆÐINÁMS VIÐ HR

Tölvunarfræðinámskeiðin við HR einkennist af fjölbreytileika og skapandi umhverfi þar sem nemendum gefst kostur á að vinna verkefni í nánnum tengslum við rannsakendur og fyrirtæki. Lokaverkefni nemenda á 4. eða 6. önn er einnig eitt af sérkennum skólans. Þar gefst nemendum tækifæri til að vinna að raunverulegu hugbúnaðarverkefni í nánnum tengslum við fyrirtæki, eða rannsóknarverkefni í samvinnu við kennara skólans. Mikil áhersla er lögð á að viðfangsefni endurspegli helstu nýjungar og tækniþróun í tölvunarfræði. Dæmi um lokaverkefni nemenda eru hugbúnaður fyrir lófátölvur og vefþjónustu. Rannsóknarverkefni hafa sum hver vakið umtalsverða athygli og niðurstöður verið birtar á alþjóðlegum ráðstefnum.

VERKLEG NÁMSKEIÐ

Eftir að prófum lýkur í bóklegum námskeiðum, á 1. og 2. önn, taka við þriggja vikna verkleg námskeið. Tilgangur þeirra er

Ég vissi alltaf að það væri góð ákvörðun að fara í tölvunarfræði, en ekki að hún væri svo góð. **Allt í umhverfinu** hér í Háskólanum í Reykjavík er svo **hvetjandi** til að setjast niður og gera eitthvað vitrænt og skapandi. Þetta er **framúrskarandi nám** í frábærum háskóla.

Andri Már Jónsson,
nemandi í tölvunarfræði
við Háskólann í Reykjavík.

TÖLVUNARFRÆÐI

að samþætta námsefni annarinnar í stóru hugbúnaðarverk-
efni sem unnið er í 3-5 manna hópum. Verkefni eru unnin
undir handleiðslu kennara og lýkur með munnlegri kynningu
og sýningu hvers hóps á skýrslum og hugbúnaði. Verkefna-
er margþætt, allt frá skráningarkerfum, eins og fasteignasölu-
kerfi, til vefkerfa sem halda utan um kosningaupplýsingar.

SÉRHÆFÐ NÁMSKEIÐ

Eftir að prófum lýkur í bóklegum námskeiðum á 3., 4., 5. og 6.
önn taka við þriggja vikna sérhæfð námskeið. Sérfræðingar
eru gjarnan fengnir erlendis frá til að kenna. Sem dæmi um
slík námskeið má nefna:

- Gervigreind (dr. Ari Kr. Jónsson, NASA Ames Research Center).
- Róbótafræði (dr. Robin Murphy og Aaron Gage, University of South Florida).
- Fallaforritunarmál (dr. Franco Barbanera, University of Catania).
- Graffræði (dr. Ryan Hayward, University of Alberta).
- Bayesian Net (dr. Finn Verner Jensen, Aalborg University).



„Theoretical Computer Science is the fundamental scientific discipline that seeks to understand computational phenomena - be they natural, man-made or imaginary, their power and their limitations. Its development over the years has provided answers to some of the most basic questions in modern science. I like working in this area of science, where mathematical theories, algorithmic, logic, mathematical models and other formal tools are used to understand computation, and to solve computing related problems. Reykjavík now hosts a strong group of researchers in Theoretical Computer Science, and together with them, I hope to make the discipline more visible in Iceland.“

Dr. Luca Aceto,
prófessor í tölvunarfræði.

Öflugt rannsóknarstarf

Við Háskólann í Reykjavík starfa nokkur þekkingarsetur á sviði tölvunarfræði. Markmið setranna er að þar séu stundaðar rannsóknir í fremstu röð. Við setrin starfa rannsakendur og nemendur skólans að rannsóknarverkefnum í samstarfi við virta erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir, s.s. AT&T og Carnegie Mellon háskóla, Háskólann í Alberta, Álaborgarháskóla og DIKU í Danmörku, KTH í Svíþjóð, IRISA í Frakklandi, Háskólann í Cork, Edinborgarháskóla og ETH í Sviss.

Starfsmenn setranna hafa hlotið marga styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknarsjóðum, auk þess sem þeir taka virkan þátt í hinu alþjóðlega rannsóknarsamfélagi.

GAGNASETUR HR

Gagnasetur HR starfar á sviði gagnasafnskerfa. Gagnasafnskerfi af ýmsu tagi gegna lykilhlutverki í flestum hugbúnaðarverkefnum sem smíðuð eru nútíldags. Helstu rannsóknarverkefni setursins snúast um margmiðlunargagnasöfn og afköst gagnasafnskerfa. Nú starfa fimm meistaranemar við Gagnasetur, auk þess sem margir BSc-nemar hafa tekið virkan þátt í rannsóknunum. Forstöðumaður er dr. Björn Þór Jónsson, dósent - <http://datalab.ru.is>

GERVIGREINDARSETUR HR

Gervigreindarsetur HR er nýtt þekkingarsetur fyrir rannsóknir á sviði greindra hugbúnaðarkerfa. Á komandi árum mun gervigreindartækni gegna veigamiklu hlutverki í tækni-
framförum og geta af sér margar spennandi nýjungar svo sem vélmenni til hjálparstarfa og gervigreindar sýndarverur fyrir tölvuleiki. Setrið leggur áherslu á rannsóknir á sviði vit-
vera, samþættingu stórra greindra kerfa, samskipti manns og vélar, upplýstra leitaraðferða og vélræns lærdóms. Forstöðumenn eru dr. Yngvi Björnsson, dósent, og dr. Kristinn R. Þórisson, lektor - <http://ailab.ru.is>

NETSETUR HR

Netsetur HR er þekkingarsetur á sviði netkerfa og netþjónustu. Helstu áherslusvið í rannsóknunum Netseturs eru ný högun nethnúta, nýir samskiptastaðlar og netþjónusta, margvarp og fjarkennsla, ásamt mælingum á afköstum og gæðum. Fjórir fastir starfsmenn starfa við Netsetur, auk meistaranema og annarra starfsmanna. Forstöðumaður er dr. Gísli Hjalmtýsson, prófessor - <http://netlab.ru.is>

ÞEKINGARSETUR Í FRÆÐILEGRI TÖLVUNARFRÆÐI

Í undirbúningi er að stofna þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði á Íslandi. Þetta er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands - www.cs.auc.dk/~luca/CENTRE/

TÖLVUNARFRÆÐI

	NOTENDAHUGBÚNAÐUR	KJARNI	KERFISHUGBÚNAÐUR
1. önn		Forritun Kerfisgreining Strjál stærðfræði Tölvuhögun eða stærðfræðileg greining 3ja vikna verklegt námskeið	
2. önn		Gagnasafnsfræði Gagnaskipan Gluggakerfi	
	Viðmótshönnun		Línuleg algebra
		3ja vikna verklegt námskeið	
3. önn		Reiknirit Stýrikerfi Hugbúnaðarfræði eða valnámskeið	
	Valnámskeið		Stærðfræðileg greining
		3ja vikna sérhæft námskeið	
4. önn		Tölvusamskipti Strjál stærðfræði II	
	Valnámskeið		Dreifð kerfi
	Valnámskeið		Stærðfræðileg reiknirit
		3ja vikna sérhæft námskeið	
5. önn		Forritunarmál Hugbúnaðarfræði Valnámskeið	
	Stærðfræðileg greining		Sérhæfð gagnasafnskerfi eða netstýrikerfi
		3ja vikna sérhæft námskeið	
6. önn		Lokaverkefni Valnámskeið	
	Stærðfræðileg reiknirit		Þýðendur

Dæmi um valnámskeið: tölvugrafík, gervigreind, fög úr tæknifræði og verkfræði.

MEISTARANÁM Í TÖLVUNARFRÆÐI

Um er að ræða tveggja ára (60 eininga) framhaldsnám til MSc-gráðu, sem ýmist er tekið með rannsóknar- eða námskeiða-
áherslu. Í meistaranámi með rannsóknaráherslu er fyrra árið byggt upp með námskeiðum á framhaldsstigi, en seinna árið er helgað umfangsmiklu rannsóknarverkefni. Í meistaranámi með námskeiðaáherslu eru fyrstu þrjú árin helgaðar námskeiðum, en sú síðasta lokaverkefni. Hægt er að taka meistaranám með námskeiðaáherslu í hlutanámi. Frá og með haustönn 2005 er hægt að ljúka meistaranámi í tölvunarfræði alfarið við Háskólann í Reykjavík, en í boði er að stunda nám við erlendan samstarfskóla í eina önn. Oft bjóðast meistaranemum störf við rannsóknir og kennslu við skólann.

DOKTORSNÁM Í TÖLVUNARFRÆÐI

Doktorsnám er rannsóknarnám sem hentar þeim sem vilja verða rannsakendur, kennarar við háskóla eða leiðtogar í há-
tækniiðnaði. Námið tekur að jafnaði um 3-4 ár og fer fram í samstarfi við erlenda aðila. Hluti námsins fer fram erlendis. Öllum nemendum sem boðin er skólavist í doktorsnámi gefst kostur á rannsóknarstöðum og styrkjum tengdum þeim.



„Síðasta sumar fengum við það frábæra tækifæri að vinna að verkefni sem var okkar eigin hugmynd. Við fengum styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og skól-
anum til þess að gera tilraunir með gervigreind í farsímaleikjum. Skólinn studdi okkur mikið í verkefninu, veitti okkur aðstöðu og leiðsögn sérfræðinga. Í dag erum við að vinna að annarri stórra gervigreindar-
rannsókn sem lokaverkefni. Það eru mikil forrættindi fyrir BSc-nemendur að fá að stunda rannsóknir á því sem þeir hafa áhuga.“

Ársæll Þór Jóhannsson, Einar Jónsson og Vignir Hafsteinsson,
nemendur á 3. ári í tölvunarfræði.

TÆKNIFRÆÐI



Fjölbreytt tækifæri að námi loknu

Innan tækni- og verkfræðideildar HR er boðið upp á fjölbætt nám í tæknifræði til embættisprófs og MSc-gráðu í greinum sem byggja á hefðbundnum iðngreinum: byggingartækni-fræði, véltækni-fræði og rafmagnstækni-fræði. Námið opnar margþætta atvinnumöguleika í öllum þremur greinunum, þar sem mikil eftirspurn er eftir fólki með þessa menntun, bæði hér á landi og erlendis. Einnig eru ótalmargir möguleikar á framhaldsnámi.



„Tækni- og verkfræðimenntun er í senn spennandi og hag-nýtt nám og dæmin sanna að slík menntun hefur skilað tæknimenntuðu fólki í lykilstöður í íslensku atvinnulífi. Konur hafa ekki staðið sig síður en karlmenn á þessu sviði en þrátt fyrir það eru þær í miklum minnihluta í þessum starfsstéttum. Í ljósi þess vil ég hvetja konur til að kynna sér það nám sem við erum með í boði og sækja um.“

Elín Kristjana Sighvatsdóttir,
aðjúnkt við iðnaðar- og rafmagnssvið.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærilegt próf. Gerðar eru kröfur um að nemendur hafi haldgóða þekkingu á stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku og æskilegt er að þeir hafi lokið a.m.k. 21 einingu í stærðfræði og 6 einingum í eðlisfræði. Nemendur sem ekki hafa nægilega bóklega undirstöðu eiga þess kost að bæta við sig námi á frumgreinasviði. Þá er nemendum gert að afla sér sex mánaða fagtengdrar starfsreynslu fyrir námslok.

Nám til embættisprófs í tæknifræði er 105 einingar og tekur sjö annir. Í náminu taka nemendur þátt í raunhæfum verkefnum sem undirbúa þá vel fyrir þátttöku í atvinnulífinu, jafnframt því að veita góða undirstöðu fyrir framhaldsnám. Flestir kennaranna hafa mikla reynslu úr atvinnulífinu. Undir lok námsins vinna nemendur verkefni sín í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir. Lokaverkefni þeirra til 12 eininga er hönnunar- og rannsóknarverkefni sem þarf að byggja á faglegum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

BYGGINGARTÆKNIFRÆÐI

Í byggingartækni-fræði er fengist við hönnun mannvirkja og framkvæmdir á borð við húsbýggingar, vegagerð og virkjanir. Flestir byggingartækni-fræðingar starfa sem hönnuðir á verkfræðistofum eða sem stjórnendur byggingarframkvæmda hjá verktakafyrirtækjum eða sveitarfélögum. Mikil eftirspurn er eftir byggingartækni-fræðingum hér á landi, enda hafa margar stórar framkvæmdir staðið yfir að undanförunu og ljóst að verklegum framkvæmdum mun fjölga í nánustu framtíð.

Ég ákvað eftir langt hlé að hefja aftur nám og komst á fíjótan hátt í háskólanám að loknum frábærum undirbúningi í frumgreinadeild THÍ. Það sem er best að mínu mati, við það nám sem ég stunda núna, er praktísk tenging við vinnuarkaðinn. Viðtæk starfsréttindi að loknu námi og frábær bekkjarstemning. Það ætti enginn að láta sér koma á óvart að vinnuálagið í þessu námi er mjög mikið. Ástæðan er sú að viðtækri þekkingu er komið til skila á skömmum tíma.

Þorvaldur Konráðsson,
nemandi í byggingartækni-fræði við THÍ.

TÆKNIFRÆÐI



„Ég er núna að vinna við lokaverkefni mitt í byggingartækni-
fræði og útskrifast í vor. Ég tók mér frí frá námi í hálfu ári til
þess að vinna við eftirlit uppi við Kárahnjúkastíflu. Ég var
mjög fljótur að komast inn í starfið og að mínu mati er það
alfarið góðri kennslu í jarðtækni og jarðmannvirkjagerð að
þakka. Mér finnst **sterkasti þáttur skólans vera það
fyrirkomulag að fá fólk úr atvinnulífinu til þess
að kenna við skólann. Þannig kynnumst við ný-
ustu straumum og stefnum, og verkefni okkar
samvinnast því sem gert er í raun úti í atvinnu-
lífinu.** Þetta nám er vissulega erfitt á köflum en ávallt mjög
skemmtilegt. Vert er að minnast á það að atvinnuhorfur fyrir
byggingartækni- og byggingarverkefninga eru
mjög góðar um þessar mundir.“

Albert Skarphéðinsson,
lokaársmeni í byggingartæknifræði.



„Við í Straumsvík höfum á undanförmum árum náð góðum
árangri sem er ekki síst að þakka **hugviti okkar eigin
fólks og nýjungum í tæknilegum lausnum. Þar
leika okkar verkefningar og tæknifræðingar
stórt hlutverk,** en hér starfa um 40 verkfræðingar og
tæknifræðingar. Ég tel að menntun á þessu sviði sé gott
veganesti út í lífið. Hún opnar fólki margar dyr og ég hvet
ungt fólk til að skoða vel þennan möguleika.“

Rannveig Rist,
forstjóri Alcan á Íslandi.

Burðarþolsfræði, efnisfræði, þolhönnun bygginga, jarðtækni,
framkvæmdafræði og gatnagerð eru lykilnámsgreinar í
byggingartæknifræði. Á síðustu önnnum námsins bætast við
valfög sem bjóða upp á nokkra sérhæfingu. Lokaverkefni í
byggingartæknifræði eru tengd sérhæfingu í burðarvirkja-
hönnun, lagnahönnun eða framkvæmdafræði.

RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐI

Rafmagnstæknifræði er spennandi og einkar víðfemt há-
tæknisvið sem spannar rafmagnsfræði, rafeindatækni, raf-
orkufræði, fjarskiptatækni, stýritækni, tölvutækni, stóriðju
og orkutækni á breiðum grundvelli.

Starfssvið rafmagnstæknifræðinga er fjölbreytt, hvort held-
ur unnið er við hönnunarverkefni, framkvæmdir eða stjórnun
og eftirlit. Störf rafmagnstæknifræðinga felast einkum í ráð-
gjöf, uppsetningu, skipulagi, hönnun og smíði raforkukerfa
og rafeindabúnaðar. Rafmagnstæknifræðingar annast einnig
eftirlit með verklegum framkvæmdum og framleiðslu, auk
þess að gegna lykilhlutverkum í stóriðju og orkuviðnaði. Ör
þróun er fyrirsjáanleg í faginu í nánustu framtíð, s.s. á sviði
líftækni, sjálfvirkni og kraftrafeindatækni. Rafmagnstækni-
fræðin skiptist í veikstraums-, tölvu- og sterkstraumssvið.
Hægt er að auka fagþekkingu og sérhæfingu með frekara
námi og störfum hér á landi og erlendis.

VÉLTÆKNIFRÆÐI

Námið byggist á bóklegum námskeiðum og vinnu nemenda
í raunhæfum verkefnum í tengslum við véla- og orkuviðnað,
m.a. undir leiðsögn sérfræðinga úr atvinnulífinu. Helstu
námsgreinar eru stærðfræði, eðlisfræði, burðarþolsfræði,
tölvuteikning og þolhönnun, véltæknileg hönnun, umhverfis-
fræði og stýri- og reglunartækni. Sjálfvirkni, hermun og best-
un vinnu- og orkuferla og aðgerðagreining er stór þáttur í
námi og störfum véltæknifræðinga. Á síðustu önnnum náms-
ins gefst nemendum kostur á nokkurri sérhæfingu. Flestir
nemendur vinna lokaverkefni sín í tengslum við sérhæfingu í
véltæknihönnun eða orkutækni.

Starfssvið véltæknifræðinga er fjölbætt, s.s. störf við stjórnun,
eftirlit, ráðgjöf, hönnun og þróun. Þeir vinna m.a. á verkfræði-
stofum, í framleiðslufyrirtækjum og hjá orkufyrirtækjum.

Framtíðartækifæri felast meðal annars í endurnýjanlegum
orkugjöfum og sjálfbærri þróun, þ.m.t. virkjun vatnsorku og
jarðvarma, nýting vetnis, lífmassa og efnarafala.

TÆKNIFRÆÐI

	BYGGINGARTÆKNIFRÆÐI	RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐI	VÉLTÆKNIFRÆÐI	
1. önn	Burðarþolsfræði Eðlisfræði Tölvunarfræði Stærðfræði Tölvustudd teikning	Rafmagnsfræði Eðlisfræði Tölvunarfræði Stærðfræði Tölvusamskipti	Burðarþolsfræði Eðlisfræði Tölvunarfræði Stærðfræði Tölvustudd teikning	3 vikur
2. önn	Stærðfræði Burðarþolsfræði Rennslisfræði Efnisfræði Tölvustudd hönnun	Stærðfræði Stafræn tækni Rafeindatækni Tölvunarfræði Hagnýtt verkefni	Stærðfræði Burðarþolsfræði Hreyfiaflfræði Efnisfræði Tölvustudd hönnun	3 vikur
3. önn	Stærðfræði Burðarþol bygginga Efnisfræði Jarðtækni og grundun Verkefnastjórnun	Stærðfræði Tölvunarfræði Raforkukerfi Gagnagrunnar Verkefnastjórnun	Stærðfræði Véhlutafræði Efnisfræði Varma- og rennslisfræði Verkefnastjórnun	3 vikur
4. önn	Burðarþol bygginga Steinsteypuvirki Vega- og gatnagerð Byggingareðlisfræði Landmælingar	Tölvunet Rafsegulfræði Kraftrafeindatækni Reglunarfræði Mælitækni	Véhlutafræði Reglunarfræði Hagnýt varmafræði Rafmagns- og stýritækni Tölvustudd hönnun FEM	3 vikur
5. önn	Stjórnun og nýsköpun Aðgerðagreining Tré- og stálvirki Lagnahönnun Val	Stjórnun og nýsköpun Aðgerðagreining Val Val Val	Stjórnun og nýsköpun Aðgerðagreining Sveiflufræði Stýritækni Val	3 vikur
6. önn	Burðarþolsfræði FEM Umhverfisfræði Hönnun byggingarvirkja Framkvæmdafræði Val	Fjarskiptakerfi Iðntölvur Val Val Val	Kælitækni Hermun og bestun Hönnun véhluta og orkukerfa Orkutækni Val	3 vikur
7. önn	Aðferðafræði rannsókna Lokaverkefni	Aðferðafræði rannsókna Lokaverkefni	Aðferðafræði rannsókna Lokaverkefni	15 vikur

MEISTARANÁM Í TÆKNIFRÆÐI

Meistaránám í tæknifræði hefst í tækni- og verkfræðideild í janúar 2006. Í byrjun verður boðið upp á MSc-nám fyrir byggingar-
tæknifræðinga, en haustið 2006 einnig fyrir vél- og rafmagnstæknifræðinga.

Allir sem hafa lokið tæknifræðinámi eða verkfræðinámi á BSc-stigi geta stundað framhaldsnám við tækni- og verkfræðideild. Fyrir
þá sem lokið hafa tæknifræði frá TÍ eða THÍ (105 eininga nám) tekur MSc-námið þrjár annir. Fyrir þá sem lokið hafa BSc-gráðu í
verkfræði (90 eininga nám) tekur MSc-námið fjórar annir. Hvort nemandi útskrifast síðan með MSc-gráðu í tækni- eða verkfræði
ræðst af því hvaða samsetningu af faggreinum hann velur í framhaldsnámi sínu og hvers konar lokaverkefni hann vinnur. Þeir
sem vilja útskrifast með MSc í verkfræði verða að ljúka fleiri einingum í stærðfræði, eðlisfræði, efnisfræði og verkfræðilegum
undirstöðugreinum en þeir sem velja tæknifræði. Þeir sem vilja útskrifast sem tæknifræðingar MSc taka fleiri einingar í ýmsum
faggreinum svo sem verkefnastjórnun, framkvæmdafræði, kostnaðarfræði, vega- og gatnagerð o.fl.
Sérstakt kynningarrit um meistaránámið verður gefið út síðar.

IÐNFRÆÐI

Fjölbreytt diplomanám í fjarkennslu

Í tækni- og verkfræðideild er boðið upp á iðnfræði sem er hagnýtt 45 eininga nám á háskólastigi, með það að markmiði að styrkja stöðu nemenda á vinnumarkaði og gera þá hæfari til að takast á við fleiri og fjölbreyttari störf. Iðnfræði er eingöngu kennd í fjarnámi og er gert ráð fyrir að námið taki þrjú ár samhliða vinnu. Með fullu námi má ljúka iðnfræði á einu og hálfu ári. Víða á landsbyggðinni fá nemendur aðstöðu til hópinnu í starfsstöðvum, en á höfuðborgarsvæðinu býðst nemendum vinnuaðstaða í skólanum. Skilyrði fyrir inngöngu er iðnmenntun að viðbætti einni önn á frumgreinasviði HR eða sambærilegur undirbúningur.



„Tækni og verkfræðideild hefur yfir að ráða fullkomnum tölvustýrðum róbot. Hann nýtist við kennslu og rannsóknir á tölvustýrðum framleiðsluferlum og tölvusjón. Tilkoma róbotins gerir nemendum og kennurum mögulegt að kynnast og prófa nýjustu tækni af eigin raun.“

Indriði Sævar Rikharðsson, lektor við tækni- og verkfræðideild.

Námið skiptist í þrjú svið: byggingariðnfræði, véliðnfræði og rafíðnfræði. Nemandi þarf að hafa lokið sveinsprófi í iðngrein á viðkomandi sviði og veitir námið þá rétt til meistarábréfs. Í iðnfræðináminu bæta nemendur verulega við þekkingu og færni á sínu fagsviði, en náminu lýkur með lokaverkefni þar sem þeir sýna fram á verkþekkingu og faglega hæfni við tæknilegar úrlausnir í hönnun, skipulagningu og þróun.

BYGGINGARIÐNFRÆÐI

Helstu námsgreinar eru byggingarfræði, burðarþolsfræði, efnisfræði, rekstur og stjórnun, ásamt hagnýtu lokaverkefni. Byggingariðnfræðingar starfa á arkitekta- og verkfræðistofum, við byggingareftirlit eða sem stjórnendur á byggingarstað. Þeim sem ljúka námi í byggingariðnfræði býðst að halda áfram í 60 eininga nám í byggingarfræði.

VÉLIÐNFRÆÐI

Í véliðnfræði er áhersla á véltæknilegar greinar, tölvuhönnun, rekstur og stjórnun fyrirtækja, ásamt hagnýtu lokaverkefni. Einnig er fengist við umhverfisfræði, endurvinnslu, verkefnavinnu í raunumhverfi og notkun tölvuforrita við lausn verkefna. Í atvinnulífínu starfa véliðnfræðingar við fjölbreytt verkefni svo sem við verkstjórn, framleiðslustjórnun, rekstur og stjórnun fyrirtækja á vélasviði. Enn fremur annast þeir eftirlit með framkvæmdum, vélbúnaði, tækjum í verksmiðjum, orkuverum og skipum.

RAFÍÐNFRÆÐI

Helstu námsgreinar eru rafmagns-, tölvu- og rekstrargreinar, ásamt hagnýtu lokaverkefni. Starfssvið rafíðnfræðinga er fjölbreytt en þeir starfa gjarnan við hlið verk- og tækni- og verkfræðistofum og sem verkstjórnendur.

IÐNFRÆÐI

BYGGINGARIÐNFRÆÐI	RAFÍÐNFRÆÐI	VÉLIÐNFRÆÐI
Bókfærsla og reikningshald	Bókfærsla og reikningshald	Bókfærsla og reikningshald
Burðarþolsfræði	Tölvustudd teikning	Burðarþolsfræði
Framkvæmdafræði	Stafræn tækni	Stafræn tækni
Tölvustudd teikning	Rafmagnsfræði	Framkvæmdafræði
Byggingareðlisfræði	Iðntölvur og mælingar	Tölvustudd teikning
Rekstur, stjórnun, öryggi	Rekstur, stjórnun, öryggi	Rekstur, stjórnun, öryggi
Jarðtækni - Mælingar	Rafeindatækni	Efnisfræði og framleiðslutækni
Burðarþol byggingarvirkja	Raflagnahönnun	Véhlutafræði
Byggingarfræði - Lagnir	Raforukerfisfræði og rafvélar	Tölvustudd hönnun
Efnisfræði	Iðntölvur og mælingar II	Iðntölvustýringar
Viðskiptaréttur	Viðskiptaréttur	Viðskiptaréttur
Viðhald og viðgerðir	Lýsingartækni og reglugerð	Varma- og rennslifræði
Lagnir	Reglunar- og kraftrafeindatækni	Véltæknileg hönnun
Lokaverkefni	Lokaverkefni	Lokaverkefni

FRUMGREINASVIÐ

Frumgreinasvið sem fyrsta skref að háskólamenntun

Tækni- og verkfræðideild býður upp á nám í frumgreinum. Markmið náms á frumgreinasviði er fyrst og fremst að undirbúa nemendur undir frekara nám í deildinni. Námið byggir á traustum grunni frumgreinadeildar Tækniháskóla Íslands og er kjörin leið fyrir iðnaðarmenn og aðra úr atvinnulífínu sem þurfa frekari undirbúning til áframhaldandi náms í tækni- og verkfræðideild. Frumgreinasvið er líka vettvangur fyrir stúdenta sem þurfa að bæta við sig námi í stærðfræði og raungreinum.

Nemendur á frumgreinasviði eru breiður hópur; iðnaðarmenn, stúdentar og fólk með mikla starfsreynslu.

Námið er hagnýtt og krefjandi og hentar vel metnaðarfullum einstaklingum. Mikil aðsókn er í námið og komast færri að en vilja.



„Þegar ég hóf nám í frumgreinadeild hafði ég aðeins lokið 2. stigi vélstjórnar og unnið á sjó og í blikksmiðju. Frumgreinadeildin var mjög góður undirbúningur fyrir tæknideildina, sérstaklega til að ná tökum á stærðfræðinni. Nú þegar ég er kominn aðeins áleiðis í náminu er farið að skýrast fyrir mér hvernig hægt er að nota þekkinguna til þess að geta t.d. hannað hluti frá byrjun. Stærðfræðin sem undirritaður hafði alltaf talið tilgangslausa svo ekki sé talað um óskiljanlega er nú bara ekki svo vitlaus þegar hægt er að fá eitthvað út úr henni annað en tilgangslausar tölur. Nú sér maður fram á að geta hannað nýja hluti, fundið betri lausnir og unnið þorskastríðið aftur.“

Snorri Einarsson, á 4. önn í vél- og orkutækni- og verkfræðideild.

Lengd náms á frumgreinasviði fer eftir undirbúningi nýnema. Námið er lánshæft hjá LÍN og kennsla fer fram í dagskóla. Boðið er upp á einstök námskeið í fjarnámi og einnig undirbúningsgrunn í kvöldnámi og á sumarnámskeiðum. Hver námsáfangi er þrjár einingar og hver önn er 15 vikur auk prófa. Allir áfangarnir eru kenndir bæði á haust- og vorönn. Námsgreinar á frumgreinasviði eru stærðfræði, eðlisfræði, efnisfræði, íslenska, danska, enska, þýska, hugmyndasaga og tölvufræði.

Kennarar á frumgreinasviði leggja metnað sinn í að veita nemendum fyrsta flokks menntun. Nýlega fékkst styrkur frá Sókrates-áætluninni til samstarfs við danskan og þýskan skóla til að bera saman námsáætlanir og vinna saman að námsefnisgerð. Á vegum sömu áætlunar hafa komið aðstoðarkennarar í ensku, dönsku og þýsku.

SÍMENNTUN

Símenntun er mikilvægur hluti af samstarfi tækni- og verkfræðideildar við tæknifólk, sérfræðinga og stjórnendur í atvinnulífínu sem eru meðvitaðir um nauðsyn þess að viðhalda þekkingu sinni með skipulegum og reglulegum hætti. Lögð er áhersla á sérfræðiþekkingu af umtalsverðri faglegri dýpt.

Tækni- og verkfræðideild er í raun þjónustuaðili sem keppir að því að bjóða viðskiptavinum sínum bestu þjónustu á sviði tækni- og verkfræðimenntunar sem völ er á. Hugmyndafræði símenntunar í tækni- og verkfræðideild byggir á því að tæknifólk í atvinnulífínu þurfi með reglubundnum hætti að koma inn í deildina til þess að fara yfir þekkingu sína og færni og bæta við þar sem við á. Á sama hátt og eðlilegt þykir að fara með bílinn í skoðun þarf tæknifólk reglulega að huga að þekkingu sinni, fá inn nýjar hugmyndir, aðlaga sig að breyttum aðstæðum og dýpka fyrri þekkingu með hliðsjón af hagnýtri reynslu sinni af vinnumarkaði. Sú nálgun sem hér er lýst er nýjung hér á landi og fágæt erlendis, en lýsir þeirri framsækni sem deildin vill státa af. Tækni- og verkfræðideild er samstarfsaðili fyrirtækja og stofnana um það að tryggja faglega og persónulega uppbyggingu starfsmanna. Framboð og þjónusta er miðuð að þörfum viðskiptavinarins með þeim sveigjanleika og viðbragðsflyti sem metnaðarfull fyrirtæki þarfnast.

TENGLI VIÐ ERLENDA HÁSKÓLA

Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðasamskipti og samstarf eru leiðarljós Háskólans í Reykjavík. Því er lögð rík áhersla á að efla tengsl og samvinnu við erlenda háskóla og stofnanir. Samstarfið stuðlar m.a. að aukinni þátttöku HR við hinar ýmsu áætlanir Evrópusambandsins á sviði vísinda, menntunar og þjálfunar. Einnig er alþjóðlegt samstarf skólans við virta erlenda háskóla ómetanlegt þegar kemur að námsþróun og kennslu, en fjöldi erlendra gestakennara starfar við skólann ár hvert.

STÚDENTASKIPTI

Háskólinn í Reykjavík er í samstarfi við háskóla í Evrópu innan Erasmus og Nordplus og hefur jafnframt gert tvíhliða samninga við háskóla utan Evrópu. Samstarfið gefur m.a. tækifæri til stúdenta- og kennaraskipta. Stúdentaskipti gefa háskólastúdendum tækifæri til þess að læra við erlenda háskóla eina til tvær annir. Stúdentar um allan heim nýta sér

þennan kost. Nám erlendis veitir einstaklingum möguleika á að kynna nýju þjóðfélagi og annarri menningu, auk þess sem það gefur innsýn í framhaldsnám og aðra möguleika sem í boði eru. Stúdentar HR eru hvattir til þess að nýta sér þessi tækifæri í þeim tilgangi að víkka sjónvildarhorninginn, auka við þekkingu sína og upplifa nýjar aðstæður. Alþjóðasvið HR leggur áherslu á að aðstoða þá stúdenta sem vilja sækja um að fara utan sem skiptistúdentar.

ALÞJÓÐLEG GÆÐAVOTTUN HR

Allir útskrifaðir nemendur HR fá viðauka með útskriftarskírteinum sínum sem kallast Diploma Supplement. Viðaukinn er nákvæm lýsing á námi og námsárangri á ensku. Um er að ræða alþjóðlega vottun á námi skólans sem mun auðvelda nemendum aðgang að evrópskum háskólum. HR er fyrstur íslenskra háskóla til þess að hljóta slíka viðurkenningu.



„Alþjóðlegt samstarf felur í sér ótal mörg spennandi tækifæri fyrir stúdenta og kennara HR. Þeim stendur til boða að dvelja tímabundið erlendis eða fara í skipulagðar heimsóknir í samstarfsháskóla. Tímabundið nám erlendis getur verið mjög gefandi persónulega, fræðilega og félagslega. Það gerir einstaklinga hæfari til þess að aðlagast margvíslegum aðstæðum. Einnig eykur það hæfni þeirra til að eiga samskipti við fólk með ólíkan menningarbakgrunn og veitir þeim þekkingu á málefnum annarra þjóða. Eitt af leiðarljósum HR er alþjóðasamskipti og því er lögð áhersla á að sem flestir stúdentar eigi kost á að dvelja erlendis á námstímanum. **Erlendir skiptistúdentar sem stunda nám í HR og miðla þekkingu sinni hver frá sínu heimalandi setja jafnframt alþjóðlegan svip á skólalífið.**“

Björg Birgisdóttir,
forstöðumaður Alþjóðasviðs HR.



„Ég fór sem skiptinemi á 2. ári í viðskiptafræði og var í eina önn í CBS sem er mjög stór viðskiptaháskóli í Kaupmannahöfn. **Að vera nemandi í öðru landi var mjög skemmtileg lífsreynsla og mjög lærdómsrík. Ég kynntist fólki alls staðar að úr heiminum** og það gat verið krefjandi að vinna verkefni með fólki frá öðrum löndum þar sem vinnubrögðin og áherslurnar voru mjög ólíkar. Ég tel þetta vera frábært tækifæri fyrir nemendur skólans til að fá nýja vídd í námið. **Reynslan sem ég öðlaðist sem nemandi í öðru landi mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni** þar sem ég stefni á framhaldsnám erlendis. Háskólinn í Reykjavík er með samninga við skóla víðast hvar í heiminum og mæli ég með því að nemendur nýti tækifærin sem felast í samstarfi HR við erlenda háskóla.“

Ása Björg Tryggvadóttir,
nemandi í viðskiptafræði.

Reykjavík University
has a **great working atmosphere** that is
a combination of ease and ambition. The
education is very application-oriented, you
learn by doing and get a **solid basis**
to come to your own
conclusions. The teachers are simply excellent and the
facilities are very impressive.

Gai, skiptinemi í tölvunarfræði.

HÁSKÓLAUMHVERFIÐ

TÆKNIUMHVERFI

Í skólanum eru átta fullkomin tölvuver auk sérstakra fartölvu-stofa, bæði við Ofanleiti og Höfðabakka. Þá er nýtt þráðlaust netkerfi í öllu húsnæði háskólans. Rafrænt kennslukerfi skólans er eins og það gerist best. Nemendur hafa þar aðgang að öllum gögnum sem tengjast náminu, s.s. fyrirlestraglærum, skilaverkefnum, kennsluáætlun, umræðuþráðum o.fl.

NÁMSRÁÐGJÖF

Nám á háskólastigi krefst sjálfstæðra vinnubragða og vísinda-legrar hugsunar. Því skiptir miklu máli að tileinka sér réttar aðferðir í hinum ýmsu þáttum námsins svo sem lestrartækni, glósutækni og próftækni. Námsráðgjöf HR sérhæfir sig í að aðstoða nemendur við að bæta vinnubrögð og áætlanagerð sem stuðlar að auknum afköstum í náminu.



BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu háskólans er að styðja nám, kennslu og rannsóknir við skólann með því að velja og safna efni á fræðasviðum hans. Rík áhersla er lögð á að gera bókasafnið aðgengilegt og veita stúdentum og kennurum fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu, auk fyrsta flokks aðstöðu.

Bókasafn HR er í fremstu röð rafrænna safna hérlendis og er áskrifandi að fjölmörgum lykilgagnasöfnum og um 10.000 rafrænum tímaritum. Bókasafnskerfi safnsins er Gegnirsamskrárkerfi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva. Jafnframt á bókasafnið fjölbreyttan safnkost á prenti.

SÓLARHRINGSADGANGUR

Allir nemendur við Háskólann í Reykjavík fá kort sem veitir þeim aðgang að skólanum hvenær sem er sólarhringsins alla daga ársins, bæði í húsnæði skólans við Ofanleiti, sem og við Höfðabakka.

HÁSKÓLABAUNIN

Baunin er veitingastaður innan skólans sem opinn er sex daga vikunnar. Þar er m.a. boðið upp á morgunverð og heitan mat í hádeginu.

ÞJÓNUSTA

Öll almenn þjónusta við nemendur, gesti og starfsmenn fer fram á skrifstofu. Þar er hægt að nálgast aðgangskort, ýmsan hugbúnað á góðu verði, upplýsingar um námsframvindu, staðfestingu á skólavist o.fl.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Starfsemi Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík er margþætt. Auk þess að standa fyrir afar öflugum og fjölbreyttu félagslífi, er meginhlutverk stúdentafélagsins að gæta hagsmuna stúdentanna. Félagið gegnir nokkuð stóru hlutverki í daglegu amstri stúdentanna. Sýnileiki starfsins er mikill, og hátt hlutfall stúdentanna sækir í atburði og þá þjónustu sem stúdentafélagið hefur upp á að bjóða. Í samstarfi við stjórnendur skólans vinnur stúdentafélagið hörðum höndum að eflingu skólans og innri jafnt sem ytri markaðssetningu, enda er það ekki síst hagur okkar stúdentanna að hróður skólans haldi áfram að vaxa og dafna.

Starfsemi stúdentafélagsins gengur að miklu leyti út á það að veita skólanum aðhald hvað varðar gæði kennslunnar og aðstöðu nemenda til náms. Félagið er því í góðu sambandi við stjórnendur skólans enda er það lykilatriði til að tryggja að ábendingar og óskir stúdentanna komist áleiðis. Til að auka enn frekar á gæði námsins býður stúdentafélagið reglulega virðisaukandi námskeið sem félagsmenn geta sótt sér að kostnaðarlausu. Dæmi um námskeið sem hafa verið haldin á vegum félagsins eru námskeið í húsnæðis kaupum, fjármálum einstaklinga, gerð ferilskráa o.fl.



Hver deild við skólann hefur sitt eigið hagsmunafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í hagsmunavörslu nemenda. Formaður hvers hagsmunafélags situr í stjórn stúdentafélagsins. Það er nauðsynlegt að koma blóðinu á hreyfingu annað slag og hvíla sig á námsbókunum. Þess vegna er öflugt íþróttafélag starfrækt innan félagsins. Þá stendur Stúdentafélagið fyrir útgáfu Háskólablaðsins.

Stúdentafélagið er aðili að Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN) en hlutverk þess er að berjast fyrir auknum réttindum félagsmanna sinna í sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. varðandi námslán og LÍN, leikskólapláss o.fl. Félagið er einnig aðili að Byggingafélagi námsmanna (BN) sem útvegar háskólastúdentum leiguíbúðir á hagstæðum kjörum. Allir fullgildir félagsmenn Stúdentafélags HR eiga kost á að sækja um stúdentabúðir á vegum BN og þjónustu á vegum BÍSN.

Jafnframt stendur félagið reglulega fyrir málþingum þar sem þekktir einstaklingar úr þjóðlífinu koma og ræða við nemendur um mál af hvers kyns toga. Þetta er allt gert með það að markmiði að auka enn frekar á þekkingu nemenda og víkka út sjónvildarhorning þeirra.

Stúdentafélagið heldur úti heimasíðu og leggur kapp á að hún standi undir nafni sem öflugur upplýsinga- og afþreyingamiðill. Allir félagar stúdentafélagsins fá lykilorð að innri vef skólans og geta nálgast glósur úr námsefni vetrarins, skoðað umræðuvef síðunnar, nálgast upplýsingar um aukatíma kennara og margt fleira.

Eins og sjá má er af nógu að taka, og ættu allir að finna eitt hvað við sitt hæfi, hvort heldur sem er í tengslum við félagslífið eða námið.

FRAMÚRSKARANDI KENNARAR



Dr. Auður Arna Arnarsdóttir
Sérfræðingur
PhD frá Virginia Commonwealth University.
Sérsvið: Ráðgefandi sálfræði og hópar.



Dr. Ásta Bjarnadóttir
Lektor og forstöðumaður BS-náms
PhD frá University of Minnesota.
Sérsvið: Stjórnun, mannauðsstjórnun og vinnusálfræði.



Bolli Héðinsson
Aðjúnkt
MBA frá Simon School, University of Rochester. Cand. Oc frá HÍ.
Sérsvið: Hagfræði.



Eövald Möller
Dósent
MSc iðnaðar- og rekstrarverkfræði frá KTH Stockholm.
MBA frá Edinborough University Management School.
Sérsvið: Verkefna-, rekstrar- og vörustjórnun.



Dr. Finnur Oddsson
Lektor og framkvæmdastjóri stjórnendaskóla HR
PhD frá West Virginia University.
Sérsvið: Frammistöðustjórnun, umbun, hvatning, stefnumótun og þjálfun.



Gunnar Jóhannesson
Lektor
MSc rekstrarverkfræði frá DTU.
BSc vélaverkfræði frá HÍ.
Sérsvið: Vörustjórnun.



Haldór Örn Engilbertsson
Aðjúnkt
MSc alþjóðamarkaðsfræði frá HÍ.
BA í viðskipta- og trúarbragðafræði frá Newbold College, UK. Diploma í markaðssamskiptum frá Merkantilt Institut, Noregi.
Sérsvið: Markaðsfræði.



Ingólfur Þórisson
Lektor
MSc í iðnaðarverkfræði frá University of Michigan, Ann Arbor, USA. MBA frá HÍ.
Sérsvið: Rekstrarstjórnun.



Dr. Jón Ormur Halldórsson
Dósent
PhD frá University of Kent.
Sérsvið: Alþjóðavæðing, alþjóðaviðskipti, alþjóðastjórnmal, Evrópusamruninn, efnahags- og stjórnmál Asíu.



Katrín Ólafsdóttir
Aðjúnkt
MA í hagfræði frá Cornell University.
Sérsvið: Vinnuamarkaðshagfræði og hagfræði hins opinbera.



Kári Sigurðsson
Sérfræðingur
MSc frá LSE, BS í hagfræði frá HÍ.
Sérsvið: Alþjóðafjármál og eignastýring.



Dr. Leifur Geir Hafsteinsson
Lektor
PhD í vinnusálfræði frá Virginia Tech University.
Sérsvið: Vinnusálfræði, mannauðsstjórnun og aðferðafræði rannsóknna.



Lilja Dóra Halldórsdóttir
Aðjúnkt
MBA frá Leuven Gent Management School.
Lögfræðingur frá HÍ.
Sérsvið: Stefnumótun, stjórnun.



Loftur Ólafsson
Lektor
MSc frá Handelshøjskolen i København.
Sérsvið: Stjórnun, fjármála- markaðir, verðbréf og fjármál fyrirtækja.



Magnús Orri Schram
Sérfræðingur
MBA frá HR.
Sérsvið: Frumkvöðlafræði.



Dr. Margrét Jónsdóttir
Sérfræðingur
PhD frá Princeton University.
Sérsvið: Spænk tunga og menning. Spænskar miðaldabókmenntir.



Marina Candi
Sérfræðingur
MSc í rafmagnsverkfræði frá University of Washington.
Sérsvið: Nýsköpun og frumkvöðlafræði.



Ólafur Ísleifsson
Lektor
MSc í hagfræði frá LSE og BS í stærðfræði frá HÍ.
Sérsvið: Hagfræði, stærðfræði og fjármál.



Ólafur Þór Jóhannesson
Aðjúnkt
Cand. oecon frá HÍ, löggiltur endurskoðandi.
Sérsvið: Reikningshald og skattamál.



Dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson
Lektor
PhD frá Chalmers Tekniska Högskola.
Sérsvið: Frumkvöðlafræði, með sérstakri áherslu á uppvöxt nýrra tæknifyrirtækja.



Sigurjón Valdimarsson
Lektor
Cand. Oc. viðskiptafræði HÍ.
Sérsvið: Fjármál og reikningshald.



Stefán Svavarsson
Forstöðumaður meistaranáms í reikningshaldi og endurskoðun Viðskiptafræðingur frá ríkis- háskólanum í Ohio og löggiltur endurskoðandi.
Sérsvið: Reikningsskil fyrirtækja.



Sverrir Arngrímsson
Lektor
Cand. oecon frá HÍ.
Sérsvið: Rekstrarhagfræði, stjórnun og stefnumótun.



Þórhallur Ö. Guðlaugsson
Aðjúnkt
BS í iðnaðartæknifræði THI, BS í alþjóðamarkaðsfræði THI, MS í viðskiptafræði HÍ.
Sérsvið: Markaðsfræði.



Dr. Vilhjálmur Wiium
Lektor
PhD frá Simon Fraser University.
Sérsvið: Fiskihagfræði, fiskveiðistjórnun og þróunarhagfræði.



Dr. Þorlákur Karlsson
Forseti viðskiptaáætlunar
PhD í sálfræði frá West Virginia University.
Sérsvið: Markaðsrannsóknir, aðferðafræði rannsókna og tölfræði.



Dr. Þórarinn G. Pétursson
Lektor
PhD frá Aarhus Universitet.
Sérsvið: Þjóðhagfræði, hagrannsóknir og fjármálhagfræði.



Þórdís Sigurðardóttir
Lektor og forstöðumaður MBA-náms
MBA, Leuven Gent. MA í félagsfræði frá HÍ.
Sérsvið: Stefnumótun fyrirtækja og markaðsfræði.



Þröstur Ólaf Sigurjónsson
Aðjúnkt
MBA frá IESE, CandEocon frá HÍ, BA Phil frá HÍ.
Sérsvið: stefnumótun, skipulag fyrirtækja, stjórnun og áætlanagerð.



Aðalsteinn E. Jónasson
Hrl. og lektor
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá Harvard Law School.
Sérsvið: Kröfuréttur, fjármálastofnanir og verðbréfavíðskipti.



Andri Árnasson
Hrl. og aðjúnkt
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
Framhaldsnám við Kings College London.
Sérsvið: Samkeppnisréttur og almenn lögræði.



Áslaug Björgvinsdóttir
Dósent
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá Háskólanum í Hamborg.
Sérsvið: Félagaréttur, stjórn- hættir fyrir tækja, sjálfseignar- stofnanir, kauphallaréttur og verðbréfamarkaðsréttur.



Dögg Pálsdóttir
Hrl. og aðjúnkt
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
MPH frá Johns Hopkins University.
Sérsvið: Fjölskyldu- og erfðaréttur. Heilbrigðisréttur.



Erlendína Kristjánsson
Stundakennari
Lögfræðingur frá S-Afríku.
M.Paed. og BA frá HÍ.
Sérsvið: Lagaenska.



Dr. juris Guðmundur Sigurðsson
Hrl. og dósent
Cand. juris frá lagadeild HÍ og Dr. juris frá Háskólanum í Osló.
Sérsvið: Skaðabótaréttur, tryggingaréttur og sjó- og flutningaréttur.



Dr. juris Guðrún Gauksdóttir
Dósent
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M og Dr. juris frá Lunds Universitet, Svíþjóð.
Sérsvið: Eignaréttur, mannréttindi og þjóðaréttur.



Gunnar Gunnarsson
Hdl. og stundakennari
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
Sérsvið: Skattaréttur.



Gunnar Þór Pétursson
Hdl. og stundakennari
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá Lunds Universitet, Svíþjóð.
Sérsvið: Evrópuréttur og samkeppnisréttur.



Helga Melkorka Óttarsdóttir
Hdl. og aðjúnkt
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá Ruprecht-Karls-Universität, Heidelberg.
Sérsvið: Evrópuréttur og samkeppnisréttur.



Jóhannes Sigurðsson
Hrl. og prófessor
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá University of Virginia.
Sérsvið: Löggjöf á sviði fjármálaþjónustu og félagaréttur.



Jón H.B. Snorrason
Stundakennari
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
Sérsvið: Refsaréttur.



Jóna Björk Helgadóttir
Stundakennari
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
Sérsvið: Samkeppnisréttur.



Jónas Þór Guðmundsson
Hdl. og aðjúnkt
Cand. juris frá HÍ.
Sérsvið: Kröfuréttur og kauparéttur.



Kristinn Freyr Kristinsson
Stundakennari
Cand. oecon frá viðskiptaáætlun HÍ og löggiltur endurskoðandi.
Sérsvið: Endurskoðun og reikningsskil.



Margrét Vala Kristjánsdóttir
Hdl. og aðjúnkt
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá University of Texas at Austin.
Sérsvið: Stjórnsýsluréttur og mannréttindi.



Dr. Matthías G. Pálsson
Aðjúnkt
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
PhD frá Evrópuháskólanum í Flórens.
Sérsvið: Alþjóðlegur samninga- réttur og Evrópuréttur.



Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir
Hdl. og stundakennari
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
PhD frá Edinborgarháskóla.
Sérsvið: Mannréttindi og vinnuréttur.



Dr. Ragnhildur Helgadóttir
Lektor
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M og S.J.D. frá University of Virginia.
Sérsvið: Stjórnskipunarréttur, stjórnsýsluréttur og réttarsaga.



Rán Tryggvadóttir
Aðjúnkt
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
M.PH. frá Edinborgarháskóla.
Sérsvið: Hugverkaréttur.



Sigurður Tómas Magnússon
Sérfræðingur
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
Sérsvið: Réttarfar.



Þórdís Ingadóttir
Sérfræðingur
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
LL.M frá New York University School of Law.
Sérsvið: Þjóðaréttur, alþjóða- stofnanir, alþjóðlegur refsiréttur.






Þórður S. Gunnarsson
Hrl. og forseti lagadeilda
Cand. juris frá lagadeild HÍ.
Framhaldsnám við Oslóháskóla.
Sérsvið: Aðferðafræði, alþjóða viðskiptasamningar og löggjöf um óréttmæta viðskiptahætti.






Þórólfur Jónsson
Hdl. og stundakennari
Cand. juris frá HÍ.
LL.M frá Harvard Law School.
Sérsvið: Verðbréfamarkaðs- réttur, kröfuréttur og féлага- réttur.




FRAMÚRSKARANDI KENNARAR




KENNSLUFRÆÐIÐEILD

 <p>Einar Steingrímsson Prófessor PhD frá Massachusetts Institute of Technology, 1992. Sérsvið: Algebruleg fléttufræði.</p>	 <p>Inga Dóra Sigfúsdóttir Forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar PhD frá Pennsylvania State University, 2004. Sérsvið: Félagsfræði menntunar og vísinda; unglingarannsóknir.</p>	 <p>Bruce Vogeli Gestakennari Prófessor við Columbia háskóla, New York. PhD í stærðfræðimenntun, University of Michigan. Sérsvið: Alþjóðleg stærðfræðimenntun. Menntun bráðgerra barna.</p>
---	--	--




 <p>Gunnar Einarsson Lektor M.Ed. frá Department of Education, The University of Reading í Englandi. Sérsvið: Stjórnun menntastofnana og menntun skólastjórnaenda.</p>	 <p>Eric Silver Gestakennari Dósent við Pennsylvania State University, Pennsylvania. PhD í afbrotufræði og félagsfræði, State University of New York, Albany. Sérsvið: Frávíkshæðun; geðheilbrigði; rannsóknaraðferðir.</p>	 <p>John Allegrante Gestakennari Prófessor við Columbia háskóla, New York. PhD í lýðheilsufræðum, University of Illinois. Sérsvið: Lýðheilsufræði fyrir mennta- og heilbrigðisstofnanir. Stefnumótun heilsufleingar.</p>
--	---	---




TÆKNI- OG VERKFRÆÐIÐEILD




 <p>Anna Sigríður Bragadóttir Frumgreinakennari / Frumgreinasvið BA-próf og kennsluréttindi frá HÍ. Sérsvið: Íslenska og ræðumennska.</p>	 <p>Ásrún Matthíasdóttir Lektor / Tölvunarfræðisvið MA í fjarnámsfræði frá Open University. Sérsvið: Tölvunarfræði og kennslufræði fjarnáms.</p>	 <p>Baldur Jónasson Dósent / Bygginga- og vélasvið MSc Danmarks Tekniske Universitet. Sérsvið: Orkutækni, hönnun.</p>
---	--	--




 <p>Dr. Bjarki A. Brynjarsson Deildarforseti tækni- og verkfræðideildar PhD frá NTNU. Sérsvið: Hagnýtt stærðfræði, rafsegulfræði, stjórnun, nýsköpun.</p>	 <p>Björn Brynjúlfsson Sérfræðingur / Tölvunarfræðisvið MSc í rafmagns- og tölvuverkfræði frá HÍ. Sérsvið: Netkerfi og stýrikerfi.</p>	 <p>Dr. Björn Þór Jónsson Dósent / Tölvunarfræðisvið PhD í tölvunarfræði frá University of Maryland, College Park. Sérsvið: Gagnasafnsfræði.</p>
---	--	---




 <p>Elín Kristjana Sighvatsdóttir Aðjúnt / Iðnaðar- og rafmagnssvið Tölvunarfræði frá HÍ, MBA Global eManagement frá HR. Sérsvið: Gagnagrunnar/skipulagning stórra upplýsingakerfa, stjórnun hugbúnaðarverkefna.</p>	 <p>Elsa Petersen Frumgreinakennari / Frumgreinasvið BA próf frá HÍ. Sérsvið: Danska.</p>	 <p>Einar Kristinnsson Frumgreinakennari / Frumgreinasvið BA í eðlisfræði frá HÍ. Sérsvið: Eðlisfræði.</p>
---	--	--




 <p>Eypór Rafn Þórhallsson Dósent / Bygginga- og vélasvið MSc frá Heriot Watt University. Sérsvið: Hönnun burðarvirkja.</p>	 <p>Dr. Gísli Hjálmtýsson Prófessor / Tölvunarfræðisvið PhD í tölvunarfræði frá University of California, Santa Barbara. Sérsvið: Netkerfi og netþjónusta.</p>	 <p>Guðmundur Borgþórsson Lektor / Verkefnisstjóri / Bygginga- og vélasvið BSc frá Ingeniørhøgskolen Odense Teknikum, áfangar til mastergráðu við HÍ. Sérsvið: Burðarþolsfræði, vélhlutafræði, hönnun og verkefnastjórnun.</p>
---	--	---




 <p>Guðbrandur Steinþórsson Dósent / Bygginga- og vélasvið Cand.polyt. Danmarks Tekniske Universitet. Sérsvið: Byggingaverkfræði, burðarþol.</p>	 <p>Guðmundur Hjálmarsson Lektor / Bygginga- og vélasvið Byggingatæknifræðingur (BSc ingenior) frá Høgskolen i Bergen. Sérsvið: Hita-, neysluvatns- og fráveitulagnir í hús og götur sveitarfélaga. Byggingaeðlisfræði. Geometría.</p>	 <p>Gunnar Magnússon Aðjúnt / Iðnaðar- og rafmagnssvið MSc (E) frá DTU, Danmörku. BSc (Elektr.) frá IKT, Danmörku. Sérsvið: Rafeindatækni, stýringar.</p>
--	--	--




 <p>Haldór Halldórsson Dósent / Tölvunarfræðisvið MSc í hagnýtri stærðfræði frá Rensselaer Polytechnic Institute og MSc í tölvunarfræði frá University of Wisconsin-Madison. Sérsvið: Stærðfræði og hugbúnaðarfræði.</p>	 <p>Dr. Halldór G. Svavarsson Aðjúnt / Bygginga- og vélasvið PhD í eðlisfræði frá HÍ. Sérsvið: Eðlisfræði hálfleiðara, keramik efni.</p>	 <p>Hallgrímur Arnalds Lektor / Tölvunarfræðisvið Cand. Scient í verkfræði frá HÍ. Sérsvið: Forritun og stýrikerfi.</p>
--	--	--




 <p>Dr. Haraldur Auðunsson Dósent / Heilbrigðisfræðisvið PhD frá Oregon State University, USA. Sérsvið: Eðlisfræði (jarðeðlisfræði).</p>	 <p>Heimir Þór Sverrisson Lektor / Tölvunarfræðisvið MSc (Civ.Ing.) frá Danmarks Tekniske Høgskole (Nú DTU). BSc í rafmagnsverkfræði frá HÍ. Sérsvið: Stýrikerfi, netkerfi og dreifð kerfi.</p>	 <p>Helgi Einar Baldursson Verkefnisstjóri Viðskiptafræðingur Cand oecon, frá HÍ, M.S. frá HÍ. Sérsvið: Stjórnun og stefnumótun, vörubrún á sviði fjarkennslu.</p>
--	---	---




 <p>Indriði Sævar Ríkharrson Lektor / Iðnaðar- og rafmagnssvið MSc í vélaverkfræði frá Danmarks Tekniske Høgskole, 1990. Vélaverkfræði frá HÍ. Sérsvið: Tölvustudd hönnun og greining, stýri- og róbottækni.</p>	 <p>Ingunn Sæmundsdóttir Dósent / Svíðsstjóri bygginga- og vélasviðs Byggingaverkfræðingur Dipl.Ing. frá Technische Universität Berlin. Sérsvið: Jarðtækni og grundun.</p>	 <p>Ingólfur Þorbjörnsson Aðjúnt / Iðnaðar- og rafmagnssvið MSc Vélaverkfræði 1989 frá Álaborgarháskóla. BSc véltækni frá 1987 frá Odense Teknikum. Sérsvið: Efnistækni málma og samsetninga.</p>
--	--	--



 <p>Jens Arnliótsson Lektor / Iðnaðar- og rafmagnssvið BSc Mech. Eng. Sérsvið: Varmfræði, vélhlutafræði.</p>	 <p>Dr. Joel Adams Gestaprófessor / Iðnaðar- og rafmagnssvið PhD í tölvunarfræði frá University of Pittsburgh. Sérsvið: Tölvunarfræðimenntun og dreifð kerfi.</p>	 <p>Karl Friðriksson Aðjúnt / Rekstrar- og stjórnunarsvið MSc hagfræði. Sérsvið: Stefnumótun, vörubrún og markaðsmál.</p>
--	---	---

 <p>Dr. Karl Jósaftsson Frumgreinakennari / Frumgreinasvið PhD í eðlisfræði, frá University of Colorado, Boulder. Sérsvið: Stjarnaeðlisfræði.</p>	 <p>Kári Harðarson Aðjúnt / Tölvunarfræðisvið MS í tölvunarfræði og BSc í stærðfræði frá University of North Carolina. Sérsvið: Vélbúnaður og strjá stærðfræði.</p>	 <p>Kristinn Sigurjónsson Lektor / Iðnaðar- og rafmagnssvið MSc efnaverkfræði frá NTH, Bránðheimi. C. Sc. rafmagnsverkfræði frá HÍ og BS efnifræði frá HÍ. Sérsvið: Raforkuferfi.</p>
---	---	---



 <p>Dr. Kristinn R. Þórisson Lektor / Tölvunarfræðisvið PhD frá Media Lab MIT. Sérsvið: Gervigreind.</p>	 <p>Dr. Luca Aceto Professor / Tölvunarfræðisvið PhD frá University of Sussex. Sérsvið: fræðileg tölvunarfræði, stærðfræðileg rökræði í tölvunarfræði, reiknirit og sjálfvirkjafræði.</p>	 <p>Marta Kristín Lárusdóttir Lektor / Tölvunarfræðisvið MSc frá Københavns Universitet. Sérsvið: Notendamiðuð hönnun og viðmótspráfræði.</p>
--	---	---

 <p>Málfríður Þórarinsdóttir Sviðsstjóri frumgreinasviðs MA í dönsku frá HÍ. Sérsvið: Danska.</p>	 <p>Ragnhildur Þórarinsdóttir Frumgreinakennari / Frumgreinasvið MSc í matvælafræði frá HÍ, próf í uppeldis- og kennslufræðum frá HÍ. Sérsvið: Kennsla raungreina, aðallega efnifræði.</p>	 <p>Róbert Páll Pétursson Lektor / Bygginga- og vélasvið B.Arch. University of Strathclyde Glasgow í Skotlandi. Skipulagsfræði, Nordplan, Stockholm í Svíþjóð. Sérsvið: Byggingafræði, byggingatækni, skipulagsfræði og teiknifræði.</p>
---	--	--

 <p>Sigurlaug Kristjánsdóttir Frumgreinakennari / Frumgreinasvið Nám frá HÍ í ensku og uppeldis- og kennslufræðum. BA í ensku frá Ohio State University. Sérsvið: Enska, undirbúningskennsla fyrir tækninám og verslunarenska.</p>	 <p>Snjólaug Steinarsdóttir Frumgreinakennari / Frumgreinasvið MBA - University of San Francisco, California. Sérsvið: Fjármál.</p>	 <p>Steindór Haarde Dósent / Bygginga- og vélasvið Verkfræðingur MSc frá NTH í Bránðheimi. Sérsvið: Burðarþolsfræði, burðarvirkjahönnun.</p>
---	--	---

 <p>Stefán Arnar Kárason Lektor / Iðnaðar- og rafmagnssvið BSc próf í tæknifræði frá Aarhus Teknikum í Danmörku. Sérsvið: Rafmagnstæknifræði.</p>	 <p>Steinar Matthíasson Frumgreinakennari / Frumgreinasvið BA frá HÍ. Sérsvið: Þýska, íslenska.</p>	 <p>Dr. Sæmundur Kjartan Óttarsson Dósent / Iðnaðar- og rafmagnssvið PhD frá University of Warwick, Englandi. Sérsvið: Stærðfræði.</p>
---	---	--

 <p>Ólafur Ragnar Helgason Sérfræðingur / Tölvunarfræðisvið MSc í tölvunarfræði frá HÍ og Norges Tekniske-Naturvitenskapelige Universitet. BS í jarðeðlisfræði frá HÍ. Sérsvið: Netkerfi og stýrikerfi.</p>	 <p>Ólafur Andri Ragnarsson Aðjúnt / Tölvunarfræðisvið MSc í tölvunarfræði frá Oregon University. BSc í tölvunarfræði frá Oregon University. Kerfisfræði frá Tölvuháskóla VÍ. Sérsvið: Hönnun og smíði hugbúnaðar.</p>	 <p>Dr. Ólafur Wallevik Aðjúnt / Bygginga- og vélasvið Dr. Ing. frá NTNU Bránðheimi. Sérsvið: Flotfræði og steinsteyputækni.</p>
---	--	--

 <p>Vigdís Hjaltadóttir Frumgreinakennari / Frumgreinasvið Cand Real frá Háskólanum í Osló. Sérsvið: Efnifræðingur.</p>	 <p>Dr. Yngvi Björnsson Dósent / Tölvunarfræðisvið PhD í tölvunarfræði frá University of Alberta. Sérsvið: Gervigreind.</p>	
---	---	--

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIÐEILD

UPPLÝSINGAR FYRIR UMSÆKJENDUR

UMSÓKNARFRESTUR

Umsóknarfrestur í grunnám er til og með **27. maí**. Upplýsingar um umsóknarfresti í meistaranám er að finna á vef skólans. Hægt er að sækja um skólavist rafrænt á www.ru.is eða nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofum skólans við Ofanleiti og Höfðabakka.

NÁMSRÁÐGJÖF

Í boði eru fastir viðtalstímar fram að umsóknarfresti, 27. maí, fyrir einstaklinga sem vilja fá námsráðgjöf eða kynningu á skólanum. Til viðtals verða námsráðgjafar skólans, auk kennara og nemenda úr hverri deild. Upplýsingar um viðtalstíma er að finna á www.ru.is eða á skrifstofum skólans.



SKÓLAGJÖLD

Skólagjöld veturinn 2005-2006 eru 99.000 kr. fyrir hverja önn í grunnnámi. Upplýsingar um skólagjöld í meistaranámi má nálgast á vef skólans, www.ru.is. Nemendur á frumgreinasviði greiða innritunargjald (15.500 kr.). Kjósi nemandi að taka minna en fullt nám þá greiðir hann skólagjöld í samræmi við það. Full skólagjöld eru greidd fyrir átta einingar eða fleiri. Skólagjöld eru óendurkræf og eru endurskoðuð árlega. Skólagjöld eru lánshæf hjá LÍN.

NÁMSSTYRKIR OG FORSETALISTI

15 nýnemar við Háskólann í Reykjavík munu fá námsstyrk í formi niðurfellingar skólagjalda fyrstu önnina. Auk þess, við lok hvernar námsannar, komast þeir nemendur sem eru með hæstu einkunnirnar í hverri deild, á forsetalista og fá þeir felld niður skólagjöld næstu annar. Nánar um námsstyrki einstakra deilda á heimasíðu skólans.

HÁSKÓLAÁRIÐ

Í hefðbundnu námi eru tvær annir, haustönn og vorönn. Í háskólanámi með vinnu (HMV) er að auki sumarönn. Nýnemar eru eingöngu teknir inn á haustönn, nema í HMV í tækni- og verkfræðideild sem hefst í janúar. Í nám á frumgreinasviði eru nemendur teknir inn á haustönn og vorönn.

EININGAR

Í hefðbundnu námi er gert ráð fyrir að nemendur ljúki 15 einingum á hverri önn. Nemendur í háskólanámi með vinnu ljúka færri einingum á hverri önn, en á móti kemur að þeir taka námskeið á sumarönn. Námskeið sumarannar eru opin fyrir alla nemendur og geta þeir nýtt sér þann möguleika að flýta náminu með því að taka sumarnámskeið. Að jafnaði eru námskeið í viðskiptadeild og tækni- og verkfræðideild metin til 3ja eininga, en í lagadeild og kennslufræðideild er misjafnt hve margar einingar liggja að baki hverju námskeiði.

INNTÖKUSKILYRÐI

Umsækjendur í grunnám þurfa að öllu jöfnu að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi, nema þeir sem sækja um á frumgreinasviði. Inntökuskilyrði eru þó breytileg eftir deildum og er nánari upplýsingar að finna á vefsíðu skólans, www.ru.is. Við val á nemendum eru einkunnir á stúdentsprófi lagðar til grundvallar en einnig er tekið tillit til þeirrar námsbrautar sem umsækjandi útskrifaðist af. Frekari menntun og starfsreynsla er jafnan talin umsækjanda til tekna.

Umsóknarfrestur í grunnám 27. maí.
Skólaþing 19. ágúst.
Fyrsti skóladagur 22. ágúst.